Husqvarna VIKING®

# Leiðarvísir

# Brilliance™ | 75Q

KEEPING THE WORLD SEWING™

Þessi heimilis saumavél er hönnuð í samræmi við reglur IEC/EN 6ö335-2-28 og UL 1594.

# ÁRÍÐANDI ÖRYGGIS LEIÐBEININGAR

Þegar þið notið rafmagnstæki verður ávallt að hafa grundvallar öryggisreglur í huga og meðal annars þessar:

Lesið allan leiðarvísinn áður en þið byrjið að nota saumavélina. Geymið leiðarvísinn ávallt nálægt vélinni. Munið að láta þriðja aðila hafa leiðarvísinn ef hann fær vélina lánaða.

# HÆTTA - til að minnka hættuna á rafstuði:

- Saumavél á aldrei að skilja eftir í sambandi án eftirlits. Auðvelt á að vera að komast í veggtengilinn þar sem vélin er sett í samband við rafmagn, Takið vélina ávallt úr sambandi við rafmagn eftir notkun og einnig þegar þið þurfið að hreinsa hana, losa um lok, smyrja, eða þegar þið eruð að framkvæma einhverjar stillingar sem teknar eru fram í leiðarvísinum.

# AÐVÖRUN - Til að minnka hættu á bruna, rafstuði eða meiðslum á fólki;

- Notið vélina aldrei sem leikfang. Fylgist ávallt vel með þegar vélin er notuð af eða nálægt börnum.
- Notið saumavélina eingöngu fyrir það sem hún er hönnuð fyrir. Notið eingöngu áhöld og fylgihluti sem samþykkt eru af framleiðanda vélarinnar.
- Notið vélina aldrei ef skemmd er á rafleiðslunni eða klónum, ef hún vinnur ekki rétt, hefur dottið eða skemmst af öðrum völdum. Farið með vélina til næsta þjónustuaðila til athugunar, viðgerðar og stillinga.
- Aðgætið að allar loftrásir vélarinnar séu opnar. Nauðynlegt er að engin ló eða önnur óhreinindi loki fyrir loftrásir að vélinni eða fótmótstöðunni.
- Haldið fingrum frá hreyfanlegum hlutum. Sérstök aðgát er nauðsynleg í nánd við nálarsvæðið.
- Notið ávallt rétta stingplötu. Röng stingplata getur orsakað að nálin brotni.
- Notið aldrei bognar nálar.
- Togið ekki né ýtið á efnið þegar vélin er að sauma. Það gæti valdið því að nálin brotni.
- Notið öryggisgleraugu.
- Slökkvið ávallt á vélinni ("0") þegar þið eruð að hreinsa vélina, gera einhverjar breytingar í kring um nálina, þræða nálina, skipta um nál, skipta um saumfót o.s.frv.
- Gætið þess að engir smáhlutir fari inn um raufar vélarinnar.
- Notið vélina aldrei utanhúss.
- Notið vélina aldrei þar sem verið er að vinna með úðabrúsum.
- Þegar þið hættið setjið þá alla stilla á 0 stöðu og takið síðan vélina úr sambandi við rafmagn.
- Togið aldrei í rafleiðsluna. Takið um tengilinn og aftengið vélina.
- Fótmótstaðan er notuð til að láta vélina ganga. Gætið þess að setja enga hluti ofan á fótmótstöðuna.
- Notið vélina aldrei ef hún er blaut eða rök.
- Ef díóðuljósið´skemmist eða brotnar, verður að láta þjónustuna eða löggiltan rafvirkja sjá um að gera við það.
- Ef leiðslan í fótmótstöðuna skemmist eða bilar, verður einnig að láta þjónustuna eða löggiltan rafvirkja sjá um þá viðgerð.
- Þessi saumavél er með tvöfalda einangrun. Notið eingöngu "original" varahluti í þessa vél. Sjá leiðbeiningar um hvernig eigi að gera við tvöfalda einangrun.

# GEYMIÐ ÞENNAN LEIÐARVÍSIR

## EINGÖNGU FYRIR EVRÓPU

Börn 8 ára og eldri, og þeir sem eru með skerta starfsorku mega nota þessa vél ef þeir hafa fengið leiðbeiningar um hvernig á að nota hana. Þó þarf einhver sem virkilega kann á vélina ávallt að hafa eftirlit með þeim. Börn mega ekki leika sér með þessa saumavél. Hreinsun og viðhald á ekki að vera framkvæmd af börnum nema undir eftirliti.

Hávaðamörk vélarinnar undir eðlilegum kringumstæðum eru minni en 75dB(A).

Við þessa saumavél má aðeins nota fótmótstöðu af gerðinni “FR5”.

## UTAN EVRÓPU

Þessa saumavél á ekki að nota af börnum eða aðilum með skerta getu til að vinna við slíkar vélar nema því aðeins að þessir aðilar hafi fengið leiðsögn um hvernig á að nota hana. Einnig þarf aðili sem tekur ábyrgð á öryggi þeirra að vera viðstaddur og hafa eftirlit með þeim. Fylgjast þarf með ef börn eru að nota saumavélina, og þau mega alls ekki leika sér með vélina.

Hávaðamörk vélarinnar undir eðlilegum kringumstæðum eru minni en 75dB(A).

Við þessa saumavél má aðeins nota fótmótstöðu af gerðinni “FR5”.

# ÞJÓNUSTA VIÐ TÆKI MEÐ TVÖFALDA EINANGRUN

Í tækjum með tvöfalda einangrun eru tvö kerfi af einangrun í stað jarðtengingar. Engin jarðtenging er í tækjum með tvöfalda einangrun, og ekki má jarðtengja slík tæki. Þjónusta við tæki með tvöfalda einangrun kallar á góða fagþekkingu og slíka þjónustu mega eingöngu fagmenn með góða menntun framkvæma. Varahlutir í vélar með tvöfalda einangrun verða að vera af nákvæmlega sömu gerð og hluturinn sem bilaði. Tæki með tvöfalda einangrun eru merkt með orðunum DOUBLE INSULATION eða DOUBLE INSULATED.

# TABLE OF CONTENTS


## Getting to know your machine 1:5
MACHINE OVERVIEW 1:6
- Rear Side ... 1:6
- Needle Area ... 1:6
- Accessory Box ... 1:7

ACCESSORIES 1:7
- Included Accessories ... 1:7
- Accessories Included - Not in the Picture ... 1:7
- Presser Feet ... 1:8

STITCHES 1:10
ALPHABETS 1:21

## Set Up 2:1
UNPACKING 2:2
- Connecting the foot control cord ... 2:2
- Connect the power cord and foot control ... 2:2

PACK AWAY AFTER SEWING 2:3
FREE ARM 2:3
USB PORT 2:3
- Connect to and remove from USB port ... 2:3

SPOOL PINS 2:4
- Horizontal Position ... 2:4
- Vertical Position ... 2:4
- Auxiliary Spool Pin ... 2:4

THREADING THE UPPER THREAD 2:5
NEEDLE THREADER 2:5
THREADING FOR TWIN NEEDLE 2:6
THREAD CUTTER 2:6
THREAD SENSOR 2:6
BOBBIN WINDING 2:7
- Bobbin Winding Through the Needle ... 2:7
- Winding Specialty Threads ... 2:7

CHANGING THE NEEDLE PLATE 2:8
INSERTING THE BOBBIN 2:8
CHANGING THE PRESSER FOOT 2:8
CHANGING THE NEEDLE 2:9
NEEDLES 2:9
THREADS 2:10
STABILIZERS 2:10
PICTOGRAM™ PEN 2:10
HOW TO UPDATE YOUR MACHINE 2:11
- Update instructions ... 2:11

## Settings & functions 3:1
FUNCTION BUTTONS 3:2
- Speed + and - ... 3:2
- Selective Thread Cutter ... 3:2
- Needle Stop Up/Down ... 3:2
- STOP ... 3:2
- FIX ... 3:3
- Sensor Foot Up and Extra Lift ... 3:3
- Start/Stop ... 3:3

FUNCTION BUTTONS 3:3
- Sensor Foot Down and Pivot ... 3:3
- Reverse ... 3:3

EXCLUSIVE SENSOR SYSTEM™ 3:3
OVERVIEW TOUCH AREA 3:4
- Quick Help ... 3:4
- Save to My Stitches/My Files ... 3:4
- Delete ... 3:4
- Mirror end-to-end/mirror side-to-side ... 3:4
- ALT and function arrows ... 3:4
- Exclusive *SEWING ADVISOR*™ ... 3:4

COLOR TOUCH SCREEN 3:5
- Start Menu ... 3:5
- Toolbar ... 3:5

SET MENU 3:6
- Machine Settings ... 3:6
- Stitch Settings ... 3:7
- Sewing Settings ... 3:8
- Frequently used icons ... 3:8

## Sewing 4:1
TABS 4:2
- Stitch menu tab ... 4:2
- Sewing Information Tab ... 4:3
- Stitch altering ... 4:5
- ALT and function arrows ... 4:5

EXCLUSIVE SEWING ADVISOR™ FEATURE 4:7
- Fabric Selection ... 4:7
- Sewing Techniques ... 4:8

SEWING TECHNIQUES 4:9
- Seam ... 4:9
- Overcast ... 4:10
- Seam and Overcast ... 4:11
- Seam/Overcast for Ribbing ... 4:11
- Baste ... 4:12
- Blind Hem ... 4:12
- Hem ... 4:13
- Perfectly Balanced Sensor
- One-Step Buttonhole ... 4:14
- Manual Buttonhole ... 4:15
- Manual Bartack ... 4:15
- Special Sewing Techniques ... 4:16
- Decorative Tapering Stitches ... 4:17
- Free Motion Quilting ... 4:17
- Free Motion Stippling ... 4:18




**Program** 5:1
PROGRAM 5:2
EDIT YOUR STITCH OR LETTERING PROGRAM 5:3
Tabs in Program mode 5:3
Stitch program commands 5:3
SEWING A STITCH PROGRAM 5:4
SAVE TO MY STITCHES 5:4
TO RE-LOAD A STITCH PROGRAM 5:5

**File Manager** 6:1
FILE MANAGER 6:2
AVAILABLE MEMORY 6:2
BROWSE FILE MANAGER 6:3
List/Thumbnail View 6:3
MY FILES 6:3
USB 6:3
Open a Folder 6:3
Move Up One Folder Level 6:3
ORGANIZE 6:4
Create a New Folder 6:4
Move a File or Folder 6:4
Copy a File or Folder 6:4
Rename a File or Folder 6:4
Delete a File or Folder 6:4
FILE MANAGER POP-UP MESSAGES 6:4

**Maintenance** 7:1
CLEANING THE MACHINE 7:2
TROUBLESHOOTING 7:3

# 1 KYNNIST VÉLINNI

*Þessi hluti leiðbeininganna gefur ykkur yfirlit yfir vélina, fylgihluti hennar og sauma.*

## YFIRLIT YFIR VÉL

1 Lok
2 Forspenna og tvinnastýring
3 Skífur í tvinnaspennu
4 Þráðgjafi
5 Þræðiraufar
6 Tvinnaspenna fyrir spólun
7 Tvinnahnífur
8 Díóðu ljós
9 Stingplata
10 Spólari
11 Mælistika fyrir tölur og málband
12 Grunnplata
13 Aðgerðarhnappar
14 Aðal keflispinni
15 Tvinnastýring fyrir spólun
16 Aukalegur keflispinni
17 Spólustopp
18 Tvinnahnífur fyrir spólun
19 Spólari
20 Handhjól
21 Gagnvirkur skjár
22 InnbyggðurUSB tengill
23 Halda fyrir skjápenna
24 Aðalrofi tenglar fyrir rafleiðslu og fótmótstöðu




## SÉÐ AÐ AFTAN

25 Handfang
26 Fríarmur




## NÁLARSVÆÐI

27 Eins þrepa hnappagatafótur með nema
28 Innbyggður þræðari fyrir nál
29 Nálstöng
30 Nálarhalda
31 Stýring fyrir yfirtvinna
32 Fótstöng og halda fyrir saumfót
33 Saumfótur



## HÓLF FYRIR FYLGIHLUTI

Í hólfinu fyrir fylgihlutina eru sérstök svæði fyrir hina ýmsu saumfætur og spólur, auk svæða fyrir nálar og aðra hluti. Geymið fylgihlutina ávallt í þessu hólfi þannig að þeir séu alltaf á vísum stað.

34 Svæði fyrir aukahluti

35 Fjarlægjanlegur bakki fyrir saumfætur og spólur
CHANGE THIS TO: Spaces for presser feet

36 Fjarlægjanleg spóluhalda

37 Göt fyrir nálar




# FYLGIHLUTIR

## AUKAHLUTIR SEM FYLGJA MEÐ VÉLINNI

38 Skjápenni

39 Tvinnanet (2)

40 Filtskífur (2)

41 Skrúfjárn

42 Sprettihnífur

43 Bursti

44 Jaðar og bútasaums-stýring

45 2skífur -stórar- fyrir tvinnakefli - (1 á vélinni við afhendingu)

46 Tvinnaskífa - meðal - (á vélinni við afhendingu)

47 Skífa fyrir tvinnakefli - lítil

48 Alhliða verkfæri tölugrind

49 6 Spólur (1 í vélinni við afhendingu)

50 Stingplata fyrir beina sauma




## FYLGIHLUTIR - Ekki á mynd

- Lok yfir vél (á vélinni við afhendingu)
- Fótmótstaða
- Rafmagnsleiðsla
- Nálar
- Tvinni
- Ábyrgðarskírteini



# SAUMFÆTUR



### Alhliða fótur A

Er á vélinni við afhendingu Þessi fótur er aðallega notaður við almenna beina sauma og zik zak spor sem eru með sporlengd lengri en 1.0mm.



### Skrautsaumsfótur B

Notið þennan fót við þétt zik zak spor (flatsauma) með sporlengd minni en 1,0 mm. og almenna skrautsauma.  Hann er með rauf  undir fætinum þannig að hann renni betur yfir flatsaumana.



### Hnappagatafótur C

Fyrir handvirk hnappagöt Þessi fótur er með línur til að ákvarða lengd hnappagatanna. Miðjan mælir $^{5}/_{8}$15mm frá efnisjaðrinum. Raufarnar tvær undir fætinum tryggja góða færslu efnisins yfir leggi hnappagatsins. Pinninn aftan á fætinum er til að halda við undirleggssnúru ef  hún er notuð.



### Blindsaumsfótur D

Þessi fótur er notaður fyrir blindfalda. Innri brúnin á þessum fæti stýrir efninu. Hægri táin á fætinum er hönnuð til að renna eftir jaðri faldsins.



### Rennilásafótur E

Þessum fæti er hægt að smella á hölduna bæði vinstra og hægra megin við nálina. Það gerir ykkur auðvelt að sauma báðar hliðar rennilásanna í sömu átt.  Færið nálarstöðuna til hægri eða vinstri nær tönnum rennilássins, eða einnig nær miðseyminu ef  þið eruð að sauma miðseymi.



### Saumfótur H með rennslisplötu.

Þessi fótur er með rennslisplötu undir sólanum. Hann er notaður þegar þið eruð að sauma svamp, vinyl, plastefni eðaleður og kemur í veg fyrir að efnin loði við fótinn.



### Jaðarfótur K

Þessi fótur er notaður til að  kasta jaðra og sauma/kastsauma og sauma sem eru með sporbreidd 5,0 og 5,5mm. Saumurinn myndast yfir pinna, sem kemur í veg fyrir að jaðarinn dragist inn.



### Bútasaumsfótur P 6mm

Þessi fótur er notaður til að sauma bútana saman. Þessi fótur er með tvær merkilínur 6mm og 3mm frá nálinni.



### Glær fótur opinn að framan

Fyrir flatsauma  applíkeringar, mjókkandi/breikkandi sauma og skrautsauma. Raufin undir fætinum auðveldar fætinum að renna yfir flatsaumana og þar sem hann er glær er auðveldara að sjá það sem verið er að sauma.




### Útsaums og  stoppfótur R

Þessi fótur er notaður fyrir fríhendis útsauma með eða án útsaumsramma.




### Hliðarfærslufótur S

Þessi fótur er notaður fyrir mynstur með hliðarflutningi og alátta sauma.



### Hnappagatafótur með nema

Tengið hann við vélina og stimplið síðan inn lengdina á hnappagatinu sem á að sauma. Miðjan mælir 5/8"15 mm frá efnisjaðrinum.



### Sjálflímandi rennslisplötur

Notaðar fyrir saumfót C, hnappagatafót með nema, þegar verið er að sauma hnappagöt á plastefni, leður o.fl.

# SAUMAR

## Nytjasaumar

Saumar fyrir fatnað og fleira

| Spor | Saumur nr. | Nafn á saum | Saumfótur | Notist við |
|---|---|---|---|---|
| | 1 | Beint spor - nálarstaða í miðju | A | Fyrir allan saumaskap. Veljið um eina af 29 nálarstöðum |
| | 2 | Beint spor með styrktri heftingu | A | Fyrir allan saumaskap. Byrjar og endar með áfram og afturábak sporum |
| | 3 | Teygjanlegt spor, vinstri nálarstaða | A/B | Fyrir sauma á trikot og teygjanleg efni. |
| | 4 | Zik zak | A/B | Fyrir applíkeringar,.blúndur, bendla o.fl. Sporbreiddin breikkar jafnt til beggja hliða. |
| | 5 | Styrkt beint spor, nálarstaða í miðju | A/B | Fyrir sauma sem mikið reynir á. Þrefalt spor til styrkinga. Notið til að styrkja og til skrauts á sportfatnað og vinnufatnað. Fyrir jaðar og stungusauma lengið þið sporið og færið nálina á eina af 29 nálarstöðunum. |
| | 6 | Styrkt zik zak | A | Til að sauma saman efni jaðar við jaðar og leður sem er lagt á mis. Fyrir skrautsauma |
| | 7 | Saumur/kastsaumur | J | Sauma og kasta jaðra í einum saum. Fyrir þunn teygjanleg og óteygjanleg efni. |
| | 8 | Teygjanlegur saumur/ kastsaumur | A/B | Sauma og kasta jaðra í einum saum. Fyrir meðal og meðalgróf teygjanleg efni. |
| | 9 | Tvöfalt overlock spor | A/B | Sauma og kasta jaðra í einum saum. Fyrir gróf teygjanleg og gróf venjuleg efni. |
| | 10 | Overlock spor | A/B | Sauma og kasta jaðra í einum saum. Fyrir meðal teygjanleg efni. |
| | 11 | Flatlock saumur. | A/B | Notað við skrautlega falda, belti og bönd. Fyrir meðal og gróf teygjanleg efni |
| | 12 | Teygjanlegur blindfaldur | D | Blindfaldur á meðal og gróf teygjanleg efni. |
| | 13 | Blindfaldur á ofin efni | D | Blindfaldur á meðal og gróf ofin efni. |
| | 14 | Skeljasaumur | A/B | Til að sauma yfir jaðra á þunnum teygjanlegum efnum. Saumið þetta á skáskorin efni |
| | 15 | Fjögurra þrepa zik zak | B | Til að kasta jaðra, gera við, sauma á bætur og teygjur. Hentar vel á þunn og meðalþykk efni. |
| | 16 | Teygjanlegt spor | A/B | Fyrir trikot-jaðra sem eru lagðir á mis Til að sauma yfir mjóa teygju |
| | 17 | Bugðóttur saumur | A | Til viðgerða og teygjanlegar viðgerðir |
| | 18 | Teygjanlegt spor | A/B | Sauma yfir tvær raðir af teygjuböndum fyrir teygjalega rykkingu. |
| | 19 | Tengispor | A/B | Sauma saman tvö efni, með frágengnum jöðrum og fyrir teygjanlega rykkingu. |

| Spor | Saumur nr. | Heiti á saum | Saumfótur | Notist við |
|---|---|---|---|---|
|  | 20 | Þriggja þrepa zik zak | B/J | Til að kasta sauma, gera við, sauma á bætur og teygjur á lausofin efni. |
|  | 21 | Tveggja þrepa zik zak | A/B | Sauma saman tvö efni, með frágengnum jöðrum og fyrir teygjanlega rykkingu. Hentar einnig til að sauma blúndur á efni. |
|  | 22 | Hefting (handvirk) | A/B | Styrkja vasaop, skyrtuop, beltalykkjur og neðri enda á rennilásum. |
|  | 23 | Ístoppsspor (afturábak og áfram) | A/B | Stoppa í lítil göt á vinnufatnaði, gallabuxum, dúkum o.fl. Saumið yfir gatið, ýtið á afturábak og vélin gerir þetta síðan sjálfkrafa og stöðvast. |
|  | 24 | Ístppsspor (til hliðanna) | A/B | Til að gera við litlar rifur. |
|  | 25 | Styrkt ístoppsspor | A | Stoppa í og gera við vinnuföt, gallabuxur, dúka og fleira. Saumið yfir gatið, ýtið síðan á afturábak hnappinn og sjálfvirkt stop. |
|  | 26 | Ístoppsspor (fjögurra þrepa) | A/B | Hópur fjögurra spora til að gera við litlar rifur. Saumur #1 og #3 eru saumaðir áfram, en saumar #2 og #4 afturábak. Til að breyta um sauma og saumaátt ,ýtið þið á afturábak hnappinn. Ráð: Strauið bræðanlegt undirleggsefni á rönguna áður en þið gerið við rifuna. |
|  | 27 | Spor fyrir beltalykkju | A | Til að sauma beltalykkjur |
|  | 28 | Þræðispor | A/B | Til að þræða saman tvö efni með löngum sporum. |
|  | 29 | Zik zak þræðing | A | Til að þræða, stígið þið á fótmótstöðuna og vélin saumar tvö spor, stöðvast og lyftir saumfætinum. Þegar saumfóturinn lyftist, færið þið efnið á næsta þræðipunkt og stígið aftur á fótmótstöðuna. Flytjarinn er sjálfkrafa tekinn úr sambandi. |
|  | 30 | Hnappagat með heftingum. | Hnappagatafótur C með nema. | Venjulegt hnappagat fyrir flest efni. |
|  | 31 | Afrúnnað hnappagat | Hnappagatafótur C með nema | Fyrir blússur og barnafatnað |
|  | 32 | Skráargats hnappagat | Hnappagatafótur C með nema | Fyrir jakka, kápur o.fl. |
|  | 33 | Mjókkandi hnappagat | Hnappagatafótur C með nema | Mjókkandi hnappagat |
|  | 34 | Skrautlegt hnappagat | Nemi Hnappagatafótur C | Fyrir flestar gerðir efna |
|  | 35 | Gróft hnappagat | Hnappagatafótur C með nema | Með styrktum heftingum |
|  | 36 | Meðal styrkt hnappagat | C | Fyrir meðal og þykk efni |
|  | 37 | Aldamóta hnappagat | Hnappagatafótur C með nema | Fyrir "handavinnuútlit" á þunn og viðkvæm efni.<br>Ráð: Gallabuxna hnappagat - aukið lengd og breidd á hnappagatinu Notið grófari tvinna. |
|  | 38 | Afrúnnað aldamóta hnappagat | Hnappagatafótur C með nema | Fyrir handavinnuútlit á viðkvæm efni |

| Spor | Saumur nr. | Heiti á saum | Saumfótur | Notist við |
|---|---|---|---|---|
|  | 39 | Hnappagat á leður (m/beinum sporum) | A/B | Fyrir leður og rúskinn |
|  | 40 | Hnappagöt með beinum sporum | A/B | Hnappagat m/aukalegri skurðarbreidd |
|  | 41 | Sjálfvirk töluáfesting | Enginn saumfótur | Til að festa tölur Á skjánum stimplið þiö inn fjölda spora sem þið viljið nota. |
|  | 42 | Kóssar. | B | Fyrir belti, blúndur o.fl. |

## A - Nytjasaumar

Saumar fyrir fatnað og fleira













## B - Applikeringar saumar

Kóssar







## C - Aldamóta saumar

Fyrir falda, vöfflusauma, blúndur o.fl. Suma sauma er hægt að sauma með Wing húllsaumsnál.






## D - Bútasaumsspor

Saumar fyrir allar gerðir af bútasaum













## E - Handiðnaðar-spor

Skrautsaumar til að skreyta fatnað












## F - Skrautsaumar

Fyrir skrautsauma





















## G - Úrvals saumar

Úrval af bútasaumssporum fyrir “crazy” sauma í bútasaum og skrautsauma.

## H - Barnasaumar

Saumar sem henta vel á barnafatnað’













## J - Skeljasaumar

Setja saman skeljasauma og ganga frá jöðrum með fallegum saumum.









## K - Alátta saumar

Til að sauma skrautlega hliðarhreyfinga sauma með S fætinum.













## L - “Dimensional” saumar

Inniheldur þrjár gerðir af saumum; applíkeringu og sprettispor, sambland af þessu og pallíettu saumum









## M - Þema-saumar

Hvert saumanúmer í þessari valmynd inniheldur hóp af fjórum saumum, sem eru hannaðir til að vera saumaðir saman í handahófskenndum hópum. Breytið yfir á næsta saum í völdum hópi með því að snerta afturábak hnappinn




## N - Skrautlegir saumar

Skrautlegir saumar sem hægt er að nota eins og þeir eru, eða til frekari skreyinga að saum loknum. Notið hraðhjálpina til að fá frekari upplýsingar




## O - einstakir saumar

Einstakir saumar til skreytinga Vélin stöðvast eftir að hafa saumað einn saum



## P - Sérstakir saumar

Saumar sérstaka saumatækni þar á meðal kertakveiks-saum og fleiri. Þið gætuð þurft á aukalegum áhöldum eða hlutum að halda. Notið hraðhjálpina til frekari upplýsinga.










## Q - Tapering - mjókkandi/breikkandi saumar

Þessa sauma er hægt að sauma mjókkandi og breikkandi









### R - Myndtákns saumar

Myndtákns flatsaums hluti til að forrita “original” flatsaums mynstur




### S - 4-átta saumar

Fjögurra átta saumar




### T - 8 átta saumar

Beint spor og styrkt beint spor í átta mismunandi áttir án þess að snúa efninu. Hægt að nota skrautsauma til að hanna fallega jaðra






# STAFRÓF

## Blokk stafir

A B C D E F G H I J K L M N O P Q R S T U Ü V W X Y Z Å Ä Ö – ␣
a b c d e f g h i j k l m n o p q r s t u ü v w x y z å ä ö , . ␣
1 2 3 4 5 6 7 8 9 0 Æ æ Ø ø à á ç ë è é ê í ó ù ú Ñ ñ ß & ? ! ' @

## Brush line stafróf

A B C D E F G H I J K L M N O P Q R S T U Ü V W X Y Z Å Ä Ö – ␣
a b c d e f g h i j k l m n o p q r s t u ü v w x y z å ä ö , . ␣
1 2 3 4 5 6 7 8 9 0 Æ æ Ø ø à á ç ë è é ê í ó ù ú Ñ ñ ß & ? ! ' @

## Skrifstafir

A B C D E F G H I J K L M N O P Q R S T U Ü V W X Y Z Å Ä Ö – ␣
a b c d e f g h i j k l m n o p q r s t u ü v w x y z å ä ö , . ␣
1 2 3 4 5 6 7 8 9 0 Æ æ Ø ø à á ç ë è é ê í ó ù ú Ñ ñ ß & ? ! ´ @

## Cyrillic letur

Fyrir rússneskt letur, skoðið stafagerðina á skjánum.

# 2 UPPSETNING

*Þessi hluti leiðbeininganna mun gera þér kleift að byrja að nota vélina. Lærið hvernig á að þræða vélina, spóla á spóluna, skipta um nál og saumfót.*

# VÉLIN TEKIN UPP



1 Setjið vélina á stöðugan flatan flöt og fjarlægið pakkningar og takið lokið af vélinni.

2 Fjarlægið allar pakkningar og fótmótstöðuna.

3 Með vélinni fylgir poki með fylgihlutum vélarinnar, rafmagnsleiðsla og leiðsla í fótmótstöðuna.

4 Þurrkið vélina að utanverðu með mjúkum klút og aðallega í kring um nálarsvæðið og stingplötuna til að fjarlægja allt ryk og óhreinindi.

*Ath: HUSQVARNA® BRILLIANCE™ 75Q saumavélin, er stillt fyrir bestan árangur við venjulegan herbergishita. Mjög mikill hiti og mjög mikill kuldi geta haft áhrif á vélina.*

## TENGIÐ LEIÐSLUNA VIÐ FÓTMÓTSTÖÐUNA

Meðal fylgihlutanna finnið þið leiðslurnar fyrir fótmótstöðuna og rafmagnið. Tengingu leiðslunnar við fótmótstöðuna þarf aðeins að gera í fyrsta skiptið - síðan er hún látin vera tengd við hana.

1 Takið leiðsluna fyrir fótmótstöðuna Snúið fótmótstöðunni við Tengið leiðsluna við tengilinn neðan á fótmótstöðunni.

2 Þrýstið vandlega á hana þannig að hún sitji örugglega í tenglinum.

3 Leggið leiðsluna síðan í raufina neðan á fótmótstöðunni.

## TENGIÐ RAFMAGNSLEIÐSLUNA OG FÓTMÓTSTÖÐUNA VIÐ VÉLINA.

Neðan á vélinni sjáið þið þá spennu sem tengja á þessa vél við þ.e.a.s. volt og Hz.

*Ath: Áður en þið tengið fótmótstöðuna við vélina fullvissið ykkur um að hún sé af gerðinni "FR5" (sjá neðan á fótmótstöðunni).*




1 Tengið fótmótstöðuna við fremri tengilinn á hægri hlið vélarinnar (1).

2 Tengið rafmagnsleiðsluna við aftari tengilinn á hægri hlið vélarinnar (2).

3 Ýtið aðalrofanum á "I" til að kveikja á vélinni og ljósi hennar (3).

### Fyrir USA og Kanada.

Þessi vél er með pólar tengli (annar armurinn er breiðari en hinn). Til að koma í veg fyrir rafstuð, þá er þessi tengill eingöngu fyrir pólar veggtengil. Ef tengillinn gengur ekki í veggtengilinn, reynið þá að snúa honum 180°. Ef það gengur ekki heldur hafið þá samband við rafvirkja til að breyta veggtenglinum. Alls ekki má breyta tengli vélarinnar.

## USB TENGILL

Hægra megin á vélinni er USB tengill þar sem þið getið tengt USB minnislykilinn.

*Ath: Fullvissið ykkur um að USB minnislykillinn sem þið notið sé með sniði FAT32.*



### TENGIÐ VIÐ OG FJARLÆGIÐ FRÁ USB TENGLINUM

Setjið USB minnislykilinn í USB tengilinn hægra megin á vélinni. USB minnislykilinn er eingöngu hægt að setja á einn veg í tengilinn

Þegar þið fjarlægið USB minnislykilinn takið hann þá beint út.

*Ath: Fjarlægið USB minnislykillinn aldrei þegar hann er virkur.*

*Ath: Fjarlægið USB lykilinn ekki á meðan stundaglasið er sýnt á skjánum né heldur á meðan skráarstjórn (file manager) er sýnd. Ef minnislykillinn er fjarlægður á meðan þetta er sýnt getur það skemmt skrár sem eru á minnislyklinum.*

## GENGIÐ FRÁ VÉLINNI AÐ SAUM LOKNUM.



1 Ýtið aðalrofanum á “0” (3).

2 Takið rafleiðsluna fyrst úr sambandi við veggtengiiinn og síðan úr vélinni.

3 Takið fótmótstöðuna úr sambandi við vélina. Vindið leiðsluna frá fótmótstöðunni og komið henni fyrir í tóma hólfinu neðan á fótmótstöðunni.

4 Setjið alla fylgihluti í hólfin fyrir þá. Rennið bakkanum á vélina aftan við fríarminn.

5. Setjið fótmótstöðuna í plássið ofan á fríarminum.

6. Setjið lokið yfir vélina.

## FRÍARMUR



Rennið hólfinu með fylgihlutunum til vinstri þegar þið fjarlægið það af vélinni.

Fríarmurinn hentar vel þegar verið er að gera við hólklaga flíkur, buxnaskálmar og þess háttar.

Rennið hólfinu með fylgihlutunum á vélina utan um fríarminn.

# KEFLISPINNAR

Vélin er með tvo keflispinna,  aðal keflispinnann og svo aukalegan keflispinna. Keflispinnarnir henta fyrir allar gerðir af  tvinnakeflum. Aðal keflispinninn er stillanlegur og hægt að nota hann hvort sem er í láréttri (tvinninn rekst af  keflinu) eða lóðréttri stöðu (tvinnakeflið snýst). Notið láréttu stöðuna fyrir alla venjulega sauma, en lóðréttu stöðuna fyrir  stærri kefli og sérstakan tvinna.

## LÁRÉTT STAÐA



Setjið  skífu og tvinnakefli á lóðrétta keflispinnann. Fullvissið ykkur um að tvinninn rekist rangsælis af  keflinu þegar þið togið í hann. Notið skífu sem er aðeins stærri en þvermál tvinnakeflisins.

Flata hliðin á skífunni á að liggja þétt upp að tvinnakeflinu. Það á ekkert bil að vera á milli skífunnar og tvinnakeflisins.

*Ath: Öll tvinnakefli eru ekki framleidd á sama hátt. Ef  þið lendið í einhverjum vanda með tvinnann, reynið fyrst að snúa tvinnakeflinu við, eða setjið það á lóðrétta keflispinnann.*

## LÓÐRÉTT STAÐA



Lyftið keflispinnanum upp alla leið til hægri. Læsið kelfispinnanum í lóðréttri stöðu með því að ýta aðeins ofan á hann. Setjið stóra skífu á keflispinnann. Fyrir tvinnakefli sem eru minni en meðal skífan er, og þegar þið eruð að sauma með sérstökum tvinna  setjið þið filtskífu undir tvinnakeflið til að það snúist ekki of  hratt. Filtskífan er ekki nauðsynleg ef  þið eruð. með stór tvinnakefli.

Setjið aldrei skífu ofan á tvinnakefli þegar þau eru á lóðréttum keflispinna.

*Ath: Þegar þið notið lóðrétta keflispinnann, þarf  e.t.v. að aðlaga tvinnspennuna örlítið.*

## AUKA KEFLISPINNINN



Auka keflispinninn er notaður þegar þið þurfið að spóla frá öðru tvinnakefli, eða fyrir annað tvinnakefli þegar þið saumið með tvíburanál.

Lyftið auka keflispinnanum upp til vinstri. Setjið stóra skífu á keflispinnann. Fyrir kefli sem eru minni en minni skífan, setjið þið einnig filt á skífuna til að tvinninn renni ekki of  hratt af  keflinu. Filtskífan er ekki nauðsynleg ef  þið eruð. með stór tvinnakefli.

# ÞRÆÐING Á YFIRTVINNANUM

Fullvissið ykkur um að saumfóturinn sé uppi og nálin í efstu stöðu.




1 Setjið tvinnakeflið á keflispinnann og skífu fyrir framan það eins og lýst er á bls. 2:4.

2 **Keflispinninn í láréttri stöðu**
Takið tvinnann og leggið hann yfir og fyrir aftan forspennuna og tvinnastýringuna (A) og síðan undir tvinnastýringu (B).
**Keflispinninn í lóðréttri stöðu**
I staðinn fyrir að setja tvinnann inn í stýringuna á forspennunni (A), setjið þið hann beint undir tvinnastýringuna (B)

3 Leggið tvinnann niður á milli skífanna í yfirtvinnaspennunni.

4 Haldið áfram að þræða í þá átt sem örvarnar sýna. Leggið tvinnann hægra megin frá í raufina á þráðgjafanum (D).

5. Farið með tvinnann áfram niður og fyrir aftan síðustu stýringuna fyrir ofan nálarhölduna )E).

# ÞRÆÐARI FYRIR NÁLINA

Þræðarinn fyrir nálina hjálpar ykkur að þræða hana. Nálin verður að vera í efstu stöðu þegar þið notið þræðarann fyrir nálina. Við ráðleggjum ykkur að setja saumfótinn niður.




1 Notið handfangið til að toga þræðarann alla leið niður. Krókurinn á þræðaranum (G) fer í gegn um nálaraugað.

2 Setjið tvinnann nú aftan frá yfir krókinn (F) og síðan undir krókinn á sjálfum þræðaranum (G).

3 Látið þræðarann fara hægt og rólega til baka. Krókurinn togar nú tvinnann í gegn um nálaraugað og myndar lykkju fyrir aftan nálina. Togið lykkjuna í gegn um nálaraugað.




*Ath: Þræðarinn er hannaður fyrir nálar í grófleikum 70-120. Þið getið ekki notað þræðarann fyrir nálar í grófleika 60 eða fínni, ekki fyrir wing nálar, tvíburanálar, þrefaldar nálar eða þegar þið eruð að nota hnappagatafótinn með nemanum. Þið getið einnig þurft að þræða nálina á handvirkan máta þegar þið notið suma aukalega fylgihluti.*

*Þegar þið þræðið nálina með höndunum, þá munið að hún er þrædd framan frá.*

# ÞRÆÐING Á TVÍBURANÁL

Skiptið um nál og setjið tvíburanál í nálarhölduna. Fullvissið ykkur um að saumfóturinn sé uppi og nálin einnig í efstu stöðu.




1. Lyftið keflispinnanum upp alla leið til hægri. Læsið keflispinnanum í lóðréttri stöðu með því að þrýsta aðeins ofan á hann. Setjið stóra skífu á hann. Fyrir kefli sem eru minni en meðal skífustærðin er, setjið þið einnig filtskífu undir tvinnakeflið.
2. Setjið fyrra tvinnakeflið á keflispinnann. Keflið á að snúast réttsælis þegar tvinninn rennur af keflinu.
3. VINSTRI NÁLIN Þræðið vélina eins og lýst er á bls 2:5. Gætið þess að tvinninn fari á milli vinstri skífanna í tvinnaspennunni (A). Þræðið vinstri nálina með höndunum.
4. Lyftið auka keflispinnanum upp og setjið stóra skífu á hann. Fyrir kefli sem eru minni en miðstærðin af skífunum, setjið þið filt undir tvinnakeflið.
5. Setjið seinna tvinnakeflið á keflispinnann. Seinni tvinnakeflið á að snúast rangsælis þegar tvinninn rennur af keflinu.
6. HÆGRI NÁLIN Þræðið vélina eins og áður er lýst, en gætið þess þó að seinni tvinninn fari á milli hægri skífanna í yfirtvinnaspennunni (A) og liggi svo fyrir utan síðustu tvinnastýringuna fyrir ofan nálarhölduna (B). Þræðið hægri nálina með höndunum.

*Ath: Veljið og gerið rétt nálarmillibil virkt í sauma stillingunum í SET valmyndinni til að koma í veg fyrir nálarbrot og skemmdir á vélinni.*

*Ath: Grófleiki og óreglulegt yfirborð á sérstökum tvinnum eins og t.d. málmþræði eykur á núningsmótstöðu tvinnans. Með. því að minnka tvinnaspennuna komið þið í veg fyrir að nálin brotni.*

# TVINNAHNÍFUR

Það eru þrír tvinnahnífar á vélinni. Sá fyrsti er nálægt spólaranum (A) til að klippa tvinnann fyrir og eftir að þið hafið spólað á spóluna. Sá næsti er nálægt gríparasvæðinu (B) til að klippa spólutvinnann eftir að hafa sett spóluna í vélina. Og sá þriðji er svo á vinstri hlið vélarinnar (C) til að klippa yfir og undirtvinnana. Togið báða tvinnaendana aftan frá inn í hnífinn og togið síðan fram á við og snögglega niður.










# TVINNAVAKI

Þegar undirtvinninn er að verða búinn á spólunni stöðvast vélin og sprettigluggi kemur á skjáinn. Skiptið þá og setjið nýja spólu í vélina og haldið áfram að sauma.

*Ath: Þegar spólutvinninn er að verða búinn, kemur sprettigluggi á skjáinn og varar ykkur við. Þið getið haldið áfram að sauma án þess að loka sprettiglugganum þar til tvinninn klárast af spólunni.*

# SPÓLAÐ Á SPÓLUNA

## SPÓLAÐ Í GEGN UM NÁLINA

Fullvissið ykkur um að saumfóturinn og nálin séu í efstu stöðu.

1 Setjið tóma spólu á spólarann ofan á vélinni. Aðeins er hægt að setja spóluna á einn veg á spólarann. Notið aðeins HUSQVARNA TM spólur

2 Þræðið vélina með tvinna frá lárétta keflispinnanum.

*Ath: Ef tvinnakeflið er of stórt til að vera í láréttri stöðu, spólið þá á spóluna eins og lýst er hér að neðan í "sérstakur tvinni spólaður á spóluna".*

3 Takið tvinnann frá nálinni, undir saumfótinn og upp og í gegn um hægri tvinnastýringuna (A).

*Ath: Notið eingöngu saumfætur úr málmi þegar þið spólið svona.*

4 Þræðið tvinnann í gegn um gatið á spólunni innan frá og út.

5. Ýtið spólaranum til hægri til að byrja spólun.

Sprettihluggi kemur á skjáinn og gefur til kynna að spólarinn sé tilbúinn og virkur. Til að stjórna hraðanum á vélinni rennið þið sleðanum í sprettiglugganum til. Byrjið að spóla með því að stíga á fótmótstöðuna eða snerta start/stop hnappinn.

Þegar spólan er orðin full stöðvast spólarinn. Stígið af fótmótstöðunni eða snertið start/stop hnappinn til að stöðva mótorinn. Ýtið spólaranum til vinstri og þá lokast sprettigluginn. Fjarlægið spóluna og klippið tvinnann með hnífnum ofan á vélinni.

*Ath: Klippið tvinnann nálægt spólunni.*

*Ath: Með. því að ýta spólaranum til vinstri fer gangverk vélarinnar aftur í samband. Stöðvið spólunina með því að ýta á start/stop hnappinn eða stíga af fótmótstöðunni áður en þið snertið spólarann.*






*Ath: Þegar þið notið eldri tegund af HUSQVARNA R spólum sem ekki eru með gati, þá vindið nokkra hringi á spóluna áður en þið setjið hana á spólarann.*

## SPÓLUN Á SÉRSTÖKUM TVINNA

Við mælum ekki með því að spóla sérstakan tvinna (málmþráð, glæran þráð eða grófan tvinna) á spóluna og alls ekki í gegn um nálina.

Spólið slíka tvinna ávallt á litlum hraða ef þið ætlið að nota þá.

1 Setjið tóma spólu á spólarann framan á vélinni. Spólan kemst aðeins á einn veg með. vörumerkið upp. Notið aðeins HUSQVARNA TM spólur

2 Setjið stóra skífu og filtskífu undir tvinnakeflið þegar keflispinninn er notaður í lóðréttri stöðu.

3 Farið með tvinnann yfir tvinnastýringuna við forspennuna (B) og niður í kring um tvinnaspennuskífurnar (C) og síðan í gegn um tvinnastýringu (D) eins og sýnt er.

4 Sjá "spólað á spóluna í gegn um nálina" 4:5



## SKIPT UM  STINGPLÖTU

1 Fjarlægið saumfótinn og rennið lokinu af gríparahólfinu.

2 Fullvissið ykkur um að flytjarinn sé ekki í sambandi. Setjið skrúfjárn undir stingplötuna eins og sýnt er á myndinni og snúið síðan aðeins upp á það og við það losnar stingplatan.

3 Með  flytjarann úr sambandi, setjið þið hina stingplötuna þannig að hún falli ofan í raufina að aftan (D). Þrýstið á stingplötuna þar til hún smellur á sinn stað. Rennið lokinu yfir gríparann.




## SPÓLAN SETT Í

1 Fjarlægið  lokið yfir gríparanum með þvi að renna því að ykkur.

2 Setjið spóluna í spóluhúsið. Spólan er sett þannig að vörumerkið snúi upp. Tvinninn rennur af  spólunni vinstra megin. Spólan snýst rangsælis þegar þið togið í tvinnann.

3 Setjið fingur lauslega ofan á spóluna til þess að hún snúist ekki þegar þið togið þétt í tvinnann til hægri og síðan til vinstri ínn í  spennifjöðrina (C) þar til hann “smellur” á sinn stað.

4 Haldið áfram og þræðið í kring um (D) og síðan hægra megin við tvinnaklippuna (E). Rennið lokinu yfir gríparann (F). Togið í tvinnann til vinstri til að klippa hann (G).




*Ath: Lokið yfir gríparann er einnig hægt að nota sem stækkunargler til hæginda við þræðingu.*

## SKIPT UM SAUMFÓT

1 Gætið þess að nálin sé í efstu stöðu. Setjið saumfótinn niður.

2 Látið pinnana á fætinum standast á við raufarnar á fóthöldunni.

3 Þrýstið á fótinn þar til hann smellur á fóthölduna.



# SKIPT UM  NÁL

1 Notið gatið á  alhliða áhaldinu til að halda á nálinni.
2 Losið um skrúfunaí nálarhöldunni.
3 Fjarlægið nálina.
4 Setjið nýja nál í nálarhölduna og notið alhliða áhaldið. Ýtið nálinni eins hátt og hún kemst og þannig að flati leggurinn snúi frá ykkur.
5. Herðið á skrúfunni.



# NÁLAR

Saumavélanálin leikur ávallt stórt hlutverk í öllum saumum. Notið aðeins gæðanálar. Og eingöngu nálar af gerðinni 130/705H. Nálarnar sem fylgja með vélinni eru af mest notuðu nálargrófleikunum.




## Alhliða nál (A)

Alhliða nálarnar eru með dálítið afrúnnaðan odd og hægt er að fá þær í ýmsum grófleikum. Þær eru fyrir alhliða sauma á hin ýmsu efni og grófleika af  efnum.

## “Stretch” nálar (B)

“Stretch” nálar eru með sérstakt úrtak til að koma í veg fyrir að vélin hlaupi yfir þegar og ef  efnin gefa eftir þegar nálin kemur í þau. Fyrir prjón, sundfatnað., flís, gerviefni og leður.

## Útsaums nál (E)

Útsaums nálar eru einnig með sérstakt úrtak, afrúnnaðan odd og aðeins stærra auga til að koma í veg fyrir skemmd á viðkvæmum efnum. Notist við útsauma og útsauma með málmþræði og öðrum sérstökum tvinna.

## Denim gallabuxnanál (D)

“Denim” nálar eru mjög oddhvassar til að fara örugglega í gegn um þétt og þykk ofin efni án þess að nálin bogni. Fyrir tjalddúk, gallabuxnaefni og mikroefni.

## “Wing” húllsaumsnál (E)

Wing nálin er ,með “vængi” á hliðunum til að gera göt í efni þegar þið saumið húllsauma á viðeigandi efni úr náttúrulegum efnum. Fyrir segldúk, gallabuxnaefni og slík efni.

*Ath: Skiptið oft um nálar. Notið ávallt beinar nálar með góðum oddi (F). Skemmd nál (G) getur orsakað að vélin hlaupi yfir, tvinnaslit o.fl. Skemmd nál getur einnig skemmt stingplötu vélarinnar.*

*Notið aldrei tvíburanálar  sem ekki koma út frá miðjunni (H) þar sem þær gætu skemmt vélina .*



# TVINNAR

Í dag er fjöldinn allur af tvinnategundum á markaðnum, og hannaðir fyrir ýmis konar verkefni.

### Alhiða saumtvinni

Alhliða tvinni er framleiddur úr gerviefnum, baðmulll eða polyester tvinna sem er umofinn baðmull. Þessi gerð af tvinna er notaður til allra almennra sauma.

### Útsaumstvinni

Útsaumstvinni getur verið búinn til úr allskonar efnum; rayon, polyester, acryl og málmi. Þessir tvinnar hafa þann eiginleika að vera með glansandi áferð og henta því vel fyrir útsauma og skrautsauma.

### Glær tvinni

Glær tvinni einnig kallaður "monofilament" er búinn til úr einum glærum þræði. Hann er notaður í bútasaum og við skrautsauma. Setjið hann ávallt á keflispinna í lóðréttri stöðu. Ef þið spólið hann á spólu verður að spóla hann á mjög litlum hraða.

*Ath: Sum efni innihalda gífurlegt magn af litarefnum, sem geta litað frá sér og einnig litað saumavélina. Það getur verið mjög erfitt og jafnvel ómögulegt að hreinsa slíka liti.*

*Flísefni og gallabuxnaefni og þá sérstaklega rauð og blá eru mjög oft með mjög mikið af litarefnum.*

*Ef ykkur grunar að efnin eða fullunnu flíkurnar innihaldi mikið af litarefnum ráðleggjum við ykkur að þvo þau áður en þið farið að vinna við þau á saumavélinni.*



# STYRKINGAREFNI

### Styrkingarefni sem hægt er að rífa

Styrkingarefni sem hægt er að rífa eru oft notuð á mjög sterk ofin efni. Setjið þau undir efnið þegar þið saumið skrautsauma eða spennið þau undir efnið. þegar þið eruð að sauma út með efnið spennt í ramma. Rífið umfram styrkingarefnið frá að saum loknum.

### Straujanleg styrkingarefni

Þessi styrkingarefni eru með húð öðru megin þannig að hægt er að strauja þau á röngu efnisins. Þau henta sérstaklega vel á prjónuð og óstöðug efni. Straujið þau á röngu efnanna áður en þið saumið á þau. Rífið umfram styrkingarefnið frá að saum loknum.

### Klippanleg stöðugleikaefni

Ekki er hægt að rífa þessi efni heldur verður að klippa umfram efnið frá að saum loknum.´ Þau henta vel fyrir prjón og önnur óstöðug efni og sértaklega fyrir útsaum þar sem efnin eru spennt í ramma.

### Vatns-uppleysanleg stöðugleikaefni.

Þau eru sett ofan á réttu efnanna þegar þið eru að sauma út á efni, eins og handklæði, baðsloppa o.s.frv. Þegar þið eruð að sauma mynstur með klippivinnu, setjið þessi efni þá undir efnin. Að saum loknum setjið þið efnin í vatn til að leysa upp afgangs stöðugleikaefnið Þessi efni eru til í nokkrum þykktum og stöðugleika.

### Stöðugleikaefni sem molnar

Stöðugleikaefnið sem molnar er lausofið efni sem er notað fyrir tækni eins og klippivinnu og heklaða jaðra. Þetta stöðugleikaefni hverfur við hita.

### Límkennt stöðugleikaefni

Límkennt stöðugleikaefni er notað við útsaum í ramma þegar efnið er of viðkvæmt eða of lítið til að hægt sé að spenna efnið sjálft í ramma. Spennið límkennda stöðugleikaefnið í ramma og látið pappírshliðina snúa upp. Fjarlægið pappírinn og límið efnið á límkenndan flötinn. Rífið umfram efnið frá að saum loknum.

# PICTOGRAM™PENNI

Notið þennan penna fyrir vatnsuppleysanlegar merkingar á flest efni. Liturinn hverfur eftir nokkra klukkutíma. Þið getið einnig notað kalt vatn til að fjarlægja merkingarnar fyrr. Verið viss um að allar merkingar séu horfnar áður en þið straujið viðkomandi stað.

# HVERNIG Á AÐ UPPFÆRA SAUMAVÉLINA?

Hafið samband á netinu við www.husqvarnaviking.com eða við HUSQVARNA [R]umboðið til að spyrjast fyrir um uppfærslur á vélinni eða leiðarvísi hennar.

## LEIÐBEININGAR UM UPPFÆRSLU

1 Farið á heimasíðu HUSQVARNA.VIKI9NG[R] sem er www.husqvarnaviking.com og leitið að saumavélinni ykkar. Hér finnið þið e.t.v. nýjar uppfærslur fyrir ykkar vél.

2 Farið eftir leiðbeiningum á skjánum og halið niður uppfærslur á USB minnislykil.

3 Gætið þess að slökkt sé á vélinni ykkar. Tengið USB minnislykilinn við USB tengilinn á vélinni ykkar.

4 Ýtið á afturábak hnappinn og haldið honum inni um leið og þið kveikið á vélinni.

5. Uppfærslan byrjar samstundis og þið getið sleppt afturábak hnappnum þegar þið sjáið að uppfærslan er byrjuð.

*Ath: Það getur tekið allt að einni mínútu þar til uppfærslan byrjar að vinna í ykkar vél og þar til þið getið sleppt afturábak hnappnum.*

6. Þegar uppfærslunni lýkur mun vélin endurræsa sig sjálf. Gáið að númeri uppfærslunnar eða hugbúnaðarins í stilli valmyndinni.





# 3 STILLINGAR OG AÐGERÐIR

*Þesi kafli leiðbeininganna fjallar um grundvallar stillingar og aðgerðarhnappana á saumavélinni. Lærið hvernig á að stjórna aðgerðum og stillingum á skjánum og hvernig á að nota aðgerðarhnappana á saumavélinni.*

# AÐGERÐARHNAPPAR




## HRAÐI + OG -

Allir saumar í vélinni eru forritaðir með ákveðnum hámarkshraða fyrir hvern einstakan saum.

Snertið hraði + eða hraði - til að auka eða minnka hraðann á vélinni. Þegar þið snertið ”hraða” þá kemur sprettigluggi á skjáinn og sýnir ykkur saumhraðann. Þið getið stillt hraðann með því að færa sleðann í sprettiglugganum. Ef þið breytið hraðastillingunni á meðan þið eruð að sauma kemur enginn sprettigluggi á skjáinn.

Þegar þið eruð að sauma með málmþræði, eða þegar þið eruð að sauma á viðkvæm efni er ráðlagt að minnka hraða vélarinnar.

## TVINNAHNÍFUR

Snertið hnappinn fyrir tvinnaklippuna og þá mun vélin klippa  yfir og  undirtvinnana, lyfta saumfætinum og nálinni og gera FIX aðgerðina virka fyrir næsta saum. Til að láta vélina klippa tvinnana í lok saums eða saumaraðar, þá getið þið snert hnappinn fyrir tvinnaklippurnar á meðan þið eruð enn að sauma. Gaumljósið á honum blikkar, sem gefur til kynna að tvinnaklippurnar séu virkar. Þegar vélin er búin að sauma sauminn eða saumaröðina framkvæmir vélin Fix aðgerðina og klippir síðan báða tvinnana. Hægt er að forrita tvinnaklippingar - sjá bls. 5:3.

## NÁLIN STÖÐVAST UPPI EÐA NIÐRI

Snertið “nálin uppi/niðri” til að færa nálina annaðhvort upp eða niður. Staðan á stop stöðu nálarinnar breytist um leið. Þið getið einnig rétt komið við fótmótstöðuna til að lyfta eða lækka nálina. Það kviknar á gaumljósi upp og niður hnappsins þegar þessi aðgerð er virk.  Snertið hnappinn á ný til að slökkva á þessari aðgerð.

## STOP

Veljið STOP til að ljúka við sauma. Vélin gengur frá tvinnaendunum og stöðvast síðan sjálfkrafa þegar vélin hefur lokið við sauminn eða saumaröðina.  Þegar STOP er valið þá verður aðeins einn saumur sýndur á skjánum. Gaumljósið á STOP hnappnum kviknar þegar þið snertið hnappinn. Veljið STOP á ný til að afvelja eða veljið nýjan saum. Þá slökknar á STOP gaumljósinu. Hætt er við STOP aðgerðina þegar vélin hefur lokið við sauminn. Hægt er að forrita STOP aðgerðina - sjá bls. 5:3.

# AÐGERÐARHNAPPAR




## FIX

Fix aðgerðin er notuð til að ganga frá saum í lok hans. FIX er sjálfkrafa gerð virk aðgerð þegar þið veljið saum, veljið tvinnaklippingu, veljið endurtekningu eða notið STOP á meðan þið eruð að sauma. Í byrjun saumar vélin nokkur heftispor og heldur síðan áfram að sauma valinn saum. Snertið FIX á meðan þið eruð að sauma og þá saumar vélin nokkur heftispor í lok saumsins og stöðvast síðan sjálfkrafa. það kviknar á gaumljósi hnappsins þegar FIX aðgerðin er gerð virk. Snertið hnappinn á ný til að slökkva á þessari aðgerð. Hægt er að forrita FIX aðgerðina - sjá bls. 5:3.

*Ath: Hægt er að hætta við sjálfvirka FIX aðgerð í SET valmyndinni - í sauma stillingum (sjá bls. 3:8. Engin sjálfvirk FIX spor verða saumuð,nema þið notið FIX hnappinn á vélinni.*

## SAUMFÓTUR UPP OG Í EXTRA HÆÐ

Snertið “saumfótur upp” til að lyfta saumfætinum. Snertið aftur og þá fer fóturinn í aukalega hæð og um leið tekur vélin flytjarann úr sambandi.

## START/STOP

Snertið þennan hnapp til að láta vélina sauma sjálfkrafa án þess að þið stígið á fótmótstöðuna. Snertið START/STOP til að láta vélina byrja að sauma og snertið hann aftur til að láta hana stöðvast.

## SAUMFÓTUR NIÐUR OG Í SVEIFLUHÆÐ

Snertið hnappinn “saumfót niður og í sveifluhæð” og þá fer saumfótuinn alla leið niður. Og heldur efninu föstu. Snertið “saumfót niður” á ný til að setja hann í sveifluhæð.

## AFTURÁBAK

Til að láta vélina sauma stöðugt afturábak ýtið þið einu sinni á afturábak hnappinn áður en þið byrjið að sauma. Afturábak gaumljósið logar og vélin saumar afturábak þar til þið ýtið aftur á hnappinn til að hætta. Ef þið ýtið á afturábak hnappinn á meðan saumað er,saumar vélin afturábak eins lengi og þið haldið hnappnum inni. Gaumljósið kviknar og logar eins lengi og þið haldið hnappnum inni.

Afturábak er einnig notað þegar þið saumið hnappagöt, ístopps spor og til að skipta á milli saumhluta í saumum og mjókkandi/breikkandi saumum.

## *EINSTAKT SKYNJARAKERFI™*

Þökk sé *EINSTÖKU SKYNJARAKERFI™* vélarinnar en saumfótur vélarinnar skynjar þykkt efnisins sem er undir saumfætinum, og saumar ávallt yfir efnin og flytur þau auðveldlega.

Farið í SET valmyndina til að skoða raunverulegu stillinguna á sjálfvirku stillingunni á þrýstingnum á saumfótinn fyrir það efni sem verið er að sauma og þar getið þið einnig breytt þrýstingnum.

# YFIRLIT SNERTIFLATAR

Mjög auðvelt er að vinna á skjáinn á HUSQVARNA® BRILLIANCE TM 75Q vélinni. - snertið hann með skjápennanum eða fingri til að velja það sem þið ætlið að skoða eða nota. Í þessum kafla munum við lýsa svæðinu fyrir utan skjáinn. Þessi hluti mun ekki breyta útlitinu.




## HRAÐHJÁLP

Snertið táknið fyrir hraðhjálp í efra hægra horninu. Spurningamerki er sýnt á skjánum og gefur til kynna að hraðhjálpin sé virk. Snertið hvaða tákn sem er, texta eða svæði á skjánum sem þið viljið fá nánari upplýsingar um. Sprettigluggi kemur með stutta skýringu. Snertið OK til að loka sprettiglugganum og fara úr hraðhjálpinni.

## VISTA Í "MÍNA SAUMA"/ "MÍNAR SKRÁR"

Snertið tálknið til að vista í "mínir saumar"/"mínar skrár" og opna fyrir samtal að vista saum, saumaforrit eða breyttan saum.

## EYÐA

Snertið táknið til að eyða, ef þið viljið eyða saum, saumaröð eða möppu. Eyðingar aðgerðin er virk þar til saumur, saumaröð eða mappa hefur verið valin og eytt eða þar til þið snertið táknið á ný. Ef saumur er valinn til eyðingar, kemur sprettigluggi upp og biður ykkur um að staðfesta eyðinguna.

*Ath: Ef þið snertið og haldið við eyðingar aðgerðina, þá getið þið eytt öllum saumunum ykkar í "mínum saumum". Ekki er hægt að eyða innbyggðum saumum í vélinni.*

## ENDASPEGLUN/HLIÐARSPEGLUN

Til að hliðarspegla sauma og saumaraðir snertið þið táknið "hliðarspeglun". Til að endaspegla sauma og saumaraðir snertið þið "endaspeglun".

*Ath: Ekki er hægt að spegla hnappagöt*

## ALT OG AÐGERÐAR ÖRVARNAR

Með örvunum á snertifletinum er hægt að breyta aðgerðum allt eftir því hvað sýnt er á skjánum hverju sinni. Snertið ALT táknið til að gá að því hvort fyrir hendi séu fleiri aðgerðir en þær sem sýndar eru á skjánum. Lesið meira um sérstakar aðgerðir ALT táknanna í köflum 4 og 5.

## EINSTAKUR *SAUMA RÁÐGJAFI™*

Nýja saumavélin ykkar er með innbyggða HUSQVARNA® SAUMA RÁÐGJAFA™ aðgerðina. Hún er ávallt virk og er staðsett neðst á skjánum. Þegar þið byrjið að sauma, snertið þið "efnisgerð" og "grófleika" og síðan "saumatæknina" sem þið ætlið að nota.

Hin einstaka SAUMA RÁÐGJAFA™aðgerð stillir vélina á hentugustu sporlengd, sporbreidd, saumhraða, tvinnaspennu og þrýsting á saumfót fyrir það verkefni sem þið eruð að fara að sauma. Saumurinn er sýndur á skjánum ásamt þeim saumfæti og nál sem ráðlagt er að nota.

# SKJÁRINN

## BYRJUNAR VALMYNDIN

Snertið táknið fyrir byrjunar valmyndina til að opna tólaborðið. Tólaborðið er notað til að velja og gera mismunandi glugga virka.




## TÓLABORÐ

Á tólaborðinu getið þið valið um að gera sauma valmyndina, stafrófs valmyndina, forritunar aðgerðina, skráarstjórn og SET valmyndina virkar. Snertið þá aðgerð sem þið viljið gera virka.




### Sauma valmynd

Þegar þið snertið táknið fyrir "sauma valmyndina" á tólaborðinu þá opnast sú valmynd. Snertið saum til að velja hann, eða snertið valmynd til að opna ákveðna sauma-valmynd (sjá kafla 4).

### Stafrófs valmynd

Snertið "Stafrófs valmyndina" og þá kemur upp sprettigluggi sem sýnir þau stafróf sem eru í vélinni. Veljið stafróf með því að snerta það. Þegar stafróf er valið, þá koma þau sjálfkrafa upp í forritunar aðgerð.

### Forrit

Snertið táknið fyrir "forrit" til að opna forritunar gluggann. Þið getið blandað saman saumum, stafrófum og tölustöfum til að hanna saumaröð. Blandið saman skrautsaumum og stafrófsgerðum úr minni vélarinnar. Þið getið saumað saumaröð sem er allt að 500mm löng og inniheldur allt að 99 mismunandi sauma. Lesið meira um forritun í kafla 5.

### Skráarstjórn

Skráarstjórn er notuð til að opna, skipuleggja,bæta við, færa, fjarlægja og afrita skrár. Notið annaðhvort innbyggða minnið á vélinni eða utanáliggjandi tæki sem er tengt við vélina til að geyma skrárnar ykkar. Lærið meira um skráarstjórn í kafla 6.

# SET VALMYNDIN

Í SET valmyndinni getið þið framkvæmt þær persónulegu breytingar sem þið viljið gera á véla og sauma stillingum.



SET valmyndin

Snertið táknin til að gera aðgerðir virkar eða til að opna lista sem þið viljið skoða nánar. Þegar þið breytið sauma stillingum, þá verða þær stillingar vistaðar eftir að þið slökkvið á vélinni. Ef þið framkvæmið breytingar á spora stillingum þá verða þær breytingar ekki vistaðar þegar þið slökkvið á vélinni




## VÉLA STILLINGAR

### Tákn fyrir upplýsingar

Táknið fyrir upplýsingar opnar glugga sem inniheldur upplýsingar um úgáfu hugverks vélarinnar,notkun á minni og upplýsingar um ýmis leyfi.




### Tungumál

Snertið “tungumál” til að velja eitt af tungumálum sem eru í vélinni. Veljið tungumálið með því að snerta það.

### Sjálfvirk endurtekning

Þegar það er virkt mun hljóðið frá hljóðviðvörunum og viðvörunar sprettigluggum verða endurtekið þar til þau eru gert óvirk.

### Læsið skjánum

Ef hætta er á því að þið rekist óvart í skjáinn á meðan þið eruð að sauma og breytið um leið stillingum á honum, getið þið læst skjánum þannig að snerting hafi ekki áhrif á hann.

Þegar þetta er virkt, þá verður skjánum sjálfkrafa læst í hvert sinn sem hann er óvirkur í 10 sekúndur. Sprettigluggi kemur á skjáinn og sýnir að hann verði læstur þar til þið snertið OK á sprettigluggannum.

### Stillingar á skjá

Það gæti þurft að kvarða skjáinn þannig að hann henti ykkar snertingum.

Snertið til að opna skoðun á því hvernig á að kvarða skjáinn.
Farið eftir leiðbeiningunum um kvörðunina.

## SAUMA STILLINGAR

Á sauma stillinga skjámyndinni, getið þið stillt þrýsting á saumfót og jafnvægið í saumum og hnappagötum. Þær stillingar gilda einungis fyrir þann saum sem verið er að sauma.

Ef annar saumur er valinn eða sami saumur er valinn á ný, verða stillingarnar settar á sjálfgefin gildi. Sjálfgefin gildi eru sýnd í svörtum lit, en ef gildunum hefur verið breytt eru tölurnar sýndar í rauðum lit




### Jafnvægi

Þegar þið eruð að sauma á ýmis sér efni eða eruð að nota einhverja sérstaka saumatækni, gæti þurft að stilla jafnvægið í viðkomandi saum.




### Stilling á lengdar jafnvægii

Byrjið á því að sauma prufusaum af saumnum á afgangsefni og hafið stöðugleikaefni undir. Í SET valmyndinni veljið þið "sauma stillingar". Ef saumurinn lýtur út eins og (A), snertið þá - en ef hann lítur út eins og á mynd (C) snertið þið +. B sýnir sauminn með góðu jafnvægi.

### Stilling á breiddar jafnvægi.

Byrjið á því að sauma prufusaum af saumnum á afgangsefni og hafið stöðugleikaefni undir. Í SET valmyndinni veljið þið "sauma stillingar". Ef saumurinn lítur út eins og (D), snertið þið - en ef hann lítur út eins og á mynd (F) snertið þið +. E sýnir sauminn í góðu jafnvægi.




## EINSTAKA NEMAKERFIS™aðgerðin - Þýstingur á saumfót.

Með nemanum fyrir fótþrýstinginn, nemur vélin stöðugt þykktina á efninu og gerir sjálfkrafa nauðsynlegar breytingar þannig að efnið verði flutt eðlilega.

Snertið + til að auka og - til að minnka þrýstinginn á saumfótinn og efnið.

## SAUMA STILLINGAR




### Tvíburanál

Snertið táknið fyrir tvíburanál til að opna lista yfir tvíburnálar og nálarmillibil á þeim. Þegar þið veljið ákveðna tvíburanál, verður breidd á öllum saumum stillt í samræmi við nálarmillibilið á þeirri nál til að forðast nálarbrot. Sú stilling verður virk áfram þar til þið gerið aðgerðina um nálarmillibilið óvirka.

### Sporbreiddaröryggi

Veljið sporbreiddaröryggið þegar þið notið saumfót fyrir beina sauma. Nálarstaðan verður þá læst í miðjunni fyrir alla sauma til að forða því að óvart verði stillt á zik zak eða aðra breiða sauma.

Þegar kveikt er á saumvélinni með þessa stillingu virka og þið reynið að velja saum sem ekki er beint spor, þá mun sprettigluggi koma fram og minna ykkur á að vélin sé stillt eingöngu fyrir beina sauma. Afveljið sporbreiddaröryggið til að fara til baka á venjulegar stillingar.

*Ath: Ekki er hægt að nota sporbreiddaröryggið og tvíburastillingu á sama tíma.*

### Sjálfvirk tvinnaklipping

Til að gera þessa aðgerð virka, veljið þið “sjálfvirka tvinnaklippingu” í sauma stillingum. Tvinnarnir verða þá sjálfkrafa klipptir og saumfætinum lyft í lok saums og eftir að vélin hefur heft fyrir sauminn. Ef þetta er afvalið þá mun vélin ekki klippa tvinnann sjálfkrafa í lok saums.

### Sjálfvirk fótlyfting.

Þegar þetta er valið er sjálfvirk fótlyfting virk. Saumfætinum er lyft í sveifluhæð þegar píð stöðvið vélina með nálina í neðstu stöðu. Þegar þetta er afvalið, verður saumfóturinn áfram niðri jafnvel þótt vélin stöðvist með nálina niðri, eða eftir tvinnaklippingu.

### FIX Auto

Þegar “FIX Auto” er virkt, mun vélin byrja á saumum með sjálfvirkum FIX sporum. Til að hætta við FIX Auto, afveljið þið þessa aðgerð í SET valmyndinni. Ef þessi aðgerð er ekki virk notið þá FIX hnappinn framan á vélinni til að ganga frá saumnum.

## TÁKN SEM ERU OFT NOTUÐ

### OK



Staðfestir stillingar eða breytingar og fer aftur í fyrri glugga.

### Hætta við



Hættir við stilliingar og breytingar og fer aftur í fyrri skjámynd.

### Snert og haldið



Sum tákn hafa aukalegar aðgerðir og eru þá merkt með þríhyrningi í neðra hægra horninu. Til að komast að þessum aðgerðum, ýtið þið “snerta og halda” tákninu í nokkrar sekúndur.

# 4 SAUMAÐ

*Í þessum kafla eru upplýsingar um hvernig velja á sauma, stilla þá, forrita og sauma.*

# FLIPAR

Á skjánum eru tveir flipar: Annar fyrir upplýsingar um sauma þar sem þið getið framkvæmt breytingar á sporunum eins og lengd og breidd og þar getið þið einnig séð ráðleggingar fyrir þann saum sem þið völduð. Í sauma valmyndinni finnið þið mismunandi flokka af saumum og þá sauma sem eru í hverjum flokki fyrir sig.




## FLIPI FYRIR SAUMA VALMYND

Bleiki flipinn er kallaður sauma valmynd. Ef þið snertið flipann opnast valmynd fyrir sauma. Þar getið þið flett í gegn um mismunandi valmyndir með því að nota örvarnar fyrir neðan skjáinn.

### Hvernig á að velja saum

Til að velja saum snertið þið hann einfaldlega á valfletinum. Þið getið flett í gegn um allar valmyndirnar með örvunum fyrir neðan saumana.   Nafnið á viðkomandi valmynd er sýnd efst á valfletinum.




Flipinn fyrir sauma valmyndina er með þríhyrning í horninu sem þýðir að þið getið ýtt og haldið við flipann.  Ýtt og haldið til að sýna auka gluggann fyrir valmyndina. Ýtið á þá valmynd sem þið viljið skoða og þá opnast hún.  Táknið fyrir sauma valmyndina er með punktum, sem sýnir fjölda blaðsíðna í þeirri valmynd.  Snertið táknið fyrir sauma valmyndina á ný til að fara yfir á næstu valmynd. Auka glugginn á valmyndinni verður opinn þar til þið veljið saum, snertið flipann eða notið örvarnar.

### Hvernig á að velja  stafrróf

Snertið táknið fyrir letur-valmyndina sem er á tólaborðinu til að opna listann yfir stafrófin. Snertið þá leturgerð sem þið viljið nota og þá opnast forritunar-glugginn. Skrifið textann sem þið ætlið að nota. Textinn kemur þá vinstra megin á skjáinn. Snertið OK og textanum verður hlaðið inn í sauma-aðgerð. Lesið meira um forritun í kafla 5.



## FLIPI FYRIR SAUMA UPPLÝSINGAR

Vélin mun sjálf velja bestu stillingar fyrir valið efni. Flipinn er í þrennu lagi fyrir upplýsingar um sauma

Efst á flipanum er SAUMA RÁÐGJAFINN™ sem gefur ykkur ráðleggingar um ýmislegt fyrir þá sauma sem þið hafið valið.

Fyrir neðan SAUMA RÁÐGJAFANN ™sjáið þið hvaða nál væri best að nota og hvort ráðlagt sé að nota fót með rennslisplötu og/eða styrkingarefni undir efnið.

I lægri hlutanum á flipanum eru stillingar fyrir saumana. Hér getið þið framkvæmt breytingar eins og á tvinnaspennunni, stillt vélina fyrir fríhendis saum, gert "byrjun á saum" virkan, gert mjókkun og breikkun á saum (tapering) virkan, stillt sporbreidd, nálarstöðu, sporlengd, þéttleika, töluáfestingu og lengd á hnappagötum virka. Táknin í þessum hluta gluggans breytast allt eftir því hvaða saum þið hafið valið. Þessar breytingar hafa eingöngu áhrif á valið spor eða saum. Breytingar sem þið framkvæmið verða settar aftur á sjálfgefin gildi þegar annað spor er valið. Breyttar stillingar eru ekki vistaðar sjálfkrafa ef slökkt verður á vélinni. Þið getið síðan vistað sauminn í "mínum saumum" (sjá bls. 4:5)




### Tvinnaspennan

Vélin ákvarðar sjálf bestu og hentugustu tvinnastillingu fyrir valið spor. Hægt er að breyta tvinnastillingunni fyrir sérstakan tvinna, saumatækni og sérstök efni. Snertið + til að auka tvinnaspennuna og - til að minnka hana.




Til að skilja eða átta ykkur á réttri tvinnaspennu, saumið nokkur bein spor með mismunandi stillingum.

1 Byrjið á tvinnaspennu sem er frekar laus þ.e.a.s. stillið á lágt númer. Undirtvinninn verður þá beinn og yfirtvinninn verður dreginn niður á röngunu.

2 Ef þið stillið svo á háa tölu verður undirtvinninn dreginn upp á réttuna á efninu. Saumurinn gæti rykkst og yfirtvinninn gæti slitnað.

3 Rétt tvinnaspenna er þegar tvinnarnir hnýtast á milli efnislaganna, en ef um skrautsauma er að ræða þá eiga þeir að hnýtast á röngunni.



## Fríhendis tækni

Þegar þið snertið táknið fyrir fríhendis tækni kemur upp sprettigluggi sem býður upp á tvo valkosti. Fríhendis fljótandi og fríhendis gorma aðgerð.




### Fríhendis fljótandi

Gerið vélina virka fyrir fríhendis fljótandi aðgerð. Þið getið notað saumfót R eða aukalega fáanlegan fót. Flytjarinn fer sjálfkrafa úr sambandi.

Þegar þið saumið fríhendis á litlum hraða lyftist og lækkar saumfóturinn í hverju spori til að halda við efnið á stingplötunni á meðan sporið er myndað. Á meiri hraða “flýtur” saumfóturinn ofan á efninu á meðan saumað er. Þið færið efnið sjálf með höndunum.

Til að stilla hæðina á fætinum í fríhendis fljótandi aðgerð, snertið þið + og - táknin.

Vélin getur hlaupið yfir spor ef efnið lyftist of mikið þegar nálin fer upp því þá nær vélin ekki að mynda lykkju til að gríparinn nái í yfirtvinnann. Með því að lækka saumfótinn minnkar bilið á milli fótsins og efnisins og þá verður minni hætta á að vélin hlaupi yfir spor.

*Ath: Gætið þess að lækka saumfótinn ekki of mikið. Það verður að vera hægt að færa efnið frjálslega undir saumfætinum.*

*Ath: Ef fríhendis fljótandi er virk aðgerð, notið þá ekki saumfætur með gormum, því það gæti skemmt fótinn. Gerið sporbreiddar-öryggið virkt ef það er nauðsynlegt.*




### Fríhendis gorma aðgerð

Gerið fríhendis gorma-aðgerð virka. Flytjarinn fer sjálfkrafa úr sambandi. Gorma-aðgerðar fóturinn lyftist og lækkar í hverju spori til að halda við efnið á stingplötunni á meðan sporið er myndað. Þið færið efnið sjálf með höndunum.

Ef þið eruð að nota aukalega Q fótinn sem er með nemanum gerið þá bæði sporbreiddar öryggið og fríhendis gorma aðerðirnar virkar.

## Byrjað á byrjun saums



Þegar þið hættið að sauma í miðjum saum (t.d. í miðjum skrautsaum), snertið þá “byrjað á byrjun saums” til að byrja sauminn í byrjuninni en ekki í miðjum saumnum. Allar breytingar á sporum sem þið framkvæmið verða geymdar í vélinni.

## “Tapering” (mjókkun og breikkun saums)



Þegar þið snertið táknið fyrir mjókkun/breikkun saums kemur sprettigluggi fram og gefur ykkur valkosti hvernig saumurinn á að byrja og enda. “Tapering” sauma er eingöngu hægt að velja úr valmynd Q. Lesið meira um mjókkun/breikkunn sauma á bls 4:17.



## BREYTING Á SAUM

Vélin stillir á bestu og hentugustu stillingar fyrir valinn saum. Þið getið hins vegar breytt stillingunum að ykkar vali. Breyttar stillingar eiga aðeins við valinn saum. Breytingar sem þið framkvæmið verða settar aftur á sjálfgefin gildi þegar annað spor er valið. Breyttar stillingar eru ekki vistaðar sjálfkrafa ef slökkt verður á vélinni. Þið getið hins vegar vistað breyttum saum í “mínir saumar” til að eiga þá þar til seinni tíma notkunar.




### ALT og aðgerðar örvar

ALT táknið er notað til að breyta aðgerðum sem tengdar eru örvunum. Þegar þið snertið ALT, breytist annað eða bæði táknin við hliðina á örvunum. Snertið ALT á ný til að fara aftur yfir á upprunalegu táknin. Að neðan finnið þið lýsingar á hinum mismunandi táknum sem geta komið fram þegar þið veljið saum.

### Sporbreidd

Aukið eða minnkið sporbreiddina með örvunum við táknið fyrir sporbreiddina. Sjálfgefin gildi eru sýnd í svörtum tölum, breyttar stillingar í rauðum.




### Sporlengd

Aukið eða minnkið sporlengdina með örvunum við táknið fyrir sporlengdina. Ef þið lengið zik zak spor eða skrautsaum, þá verður heildarsporið lengra. Ef þið lengið flatsaumsmynstur þar sem einnig er hægt að stilla þéttleikann þá verður heildar mynstrið lengra en þéttleikinn verður sá sami.

*Ath: Ef þið reynið að fara fram yfir lágmarks og/ eða hámarks takmarkanir fyrir lengd og breidd, þá gefur vélin frá sér hljóðmerki. Sjálfgefin gildi eru sýnd í svörtu. Breytt gildi eru sýnd í rauðu.*




### Spora staðsetning

Notið örvarnar fyrir neðan til að færa sporið (eða nálarstaðsetnnguna) til hægri eða vinstri þegar þið saumið beint spor. A vélinni eru 29 nálarstöður sem hægt er að velja um (fyrir beina sauma) .

ÞegarALT aðgerðin er valin fyrir saum sem er með breiddarstöðu, þá er hægt að færa það spor til vinstri eða hægri. Sporlegunni er aðeins hægt að breyta innan takmarka hámarks sporbreiddar í hverjum saum. Breyting á sporlegu takmarkar einnig stillingu á sporbreidd.




### Sporþéttleiki

Notið örvarnar til hliðar við táknið fyrir sporþéttleikann (fjarlægðina á milli sporanna í flatsaumsmynstrum). Sporþéttleikinn hefur ekki áhrif á raunverulega lengd saumsins.

Snertið örvarnar til að hafa meira eða minna bil á milli sporanna.

*Ath: Stillið þéttleikann þegar þið eruð að sauma með grófari tvinna eða sauma með sérstökum tvinna t.d. málmþræði, og þegar meira eða minna bil hentar betur fyrir útlit saumsins.*

## Stærð á hnappagati

Þegar þið saumið hnappagat með  hnappagatafætinum með nemanum þá getið þið stimplað inn lengdina á hnappagatinu. Mælið töluna og stillið stærðina á skjánum

*Ath: Það er mælistika framan á vélinni þar sem þið getið mælt stærð tölunnar.*




## Töluáfesting

Þegar þið festið tölu, þá getið þið valið sporafjöldann. Snertið örvarnar til að auka eða fækka sporafjöldanum. Lesið meira um töluáfestingu á bls. 4:15.



# EINSTAKI SAUMA RÁÐGJAFINN™.

*Nýja saumavélin ykkar er með HUSQVARNA™einstaka SAUMA RÁÐGJAFANN™innbyggðan. Hann er ávallt virkur og er staðsettur neðst á skjánum. Þegar þið byrjið að sauma snertið þá tegund og grófleika þess efnis sem þið ætlið að sauma, og síðan þá saumatækni sem þið ætlið að nota.*




HUSQVARNA SAUMA RÁÐGJAFINN™ stillir vélina á hentugasta spor, sporlengd, sporbreidd, saumhraða, tvinnaspennu og fótþrýsting fyrir það verkefni sem þið hafið valið Saumurinn er sýndur á skjánum ásamt ráðleggingum um saumfót og nál. Þegar þið veljið saumatækni, þá opnast flipinn sjálfkrafa fyrir sauma-upplýsingar.

## VAL Á EFNI




### Ofin eða prjónuð

Munurinn á milli ofinna og prjónaðra er hvernig þræðirnir eða garnið er sett saman. Ofin efni eru gerð úr tveimur þráðum, annar liggur langsum en hinn þversum. Prjónuð efni eru aðeins úr einum þræði sem fléttast saman. Prjónuð efni teygjast yfirleitt þó nokkuð.

Almenn regla er að velja ofin efni ef um stöðug og óteygjanleg efni er að ræða, en “Stretch” fyrir efni sem teygjast.


Ofin efni


Prjónuð efni

### Dæmi um efni

A OFIN ÞUNN chiffon, organza, batist, silki og þunnt prjón.

B OFIN MEÐAL calico, bútasaumsefni, krep, baðmullardúkur.

C OFIN ÞYKK denim, ullarefni, kápuefni, segldúkur, frottéefni.

D TEYGJANLEG ÞUNN nylon, trikot, jersey.

E TEYGJANLEG MEÐAL tvöfalt prjón, velúr, sundfatnaður

F TEYGJANLEG ÞYKK peysuprjón, flís.

G LEÐUR OG VINYL leður, vinyl o.fl. Þegar þið saumið leður og vinyl, ráðleggjum við eindregið að nota fótinn G sem er með rennslisplötu að neðan. Fyrir skrautsauma og hnappagöt ráðleggur SAUMA RÁÐGJAFINN ™ að nota rennslisplötur undir saumfótinn.


Leður


Vinyl

## SAUMATÆKNI

1 SAUMUR saumar tvö efni saman

2 KASTSAUMUR kastar jaðra á efnum svo ekki rakni úr þeim.

3 SAUMUR/KASTSAUMUR saumar efni saman og kastar jaðarinn um leið.

4 ÞRÆÐING bráðabirgða þræðing á efnum til mátunar, rykkingar eða merkingar.

5 BLINDFALDUR saumar blindfald á meðal þykk efni. Ekki ráðlagt fyrir mjög þunn efni eða leður og vinyl. Vélin velur hentugasta sauminn fyrir það efni sem þið hafið valið.

6 FALDUR velur hentugasta sauminn fyrir falda fyrir það efni sem þið ætlið að sauma.

7 HNAPPAGÖT SAUMA RÁÐGJAFINN ™ velur hentugasta hnappagatið fyrir efnið sem þið eruð að sauma.

*Ath: Ef óviðeigandi samsetning er valin (t.d. ofin þunn fyrir blindsaum) þá gefur vélin frá sér hljóðmerki og viðeigandi samsetning verður ekki valin. Hinsvegar er hægt að sauma þennan saum, en hann er ekki ráðlagður fyrir þessa samsetningu af efni og saum.*



# SAUMATÆKNI

## VENJULEGUR SAUMUR

Venjulegur saumur saumar tvö efni saman og gert er ráð fyrir því að saumbrúnin verði pressuð út. Í flestum tilfellum er gert ráð fyrir því að efnisbrúnirnar séu fyrst kastaðar með overlock saum eða zik zak sporum.

Saumur á teygjanleg efni verður að teygjast eins og efnið sjálft. Teygjanlegir saumar henta því vel fyrir alls konar teygjanleg efni.




EFNI ofin meðal

VELJIÐ ofin meðal efni og saumatækni (SAUMARÁÐGJAFINN ™ velur beint spor)

NOTIÐ: saumfót A og nál nr. 80 eins og ráðlagt er.

SAUMIÐ:

- Leggið efnin saman réttu á móti réttu. Setjið efnin undir saumfótinn. Gerið ráð fyrir 15mm saumfari.
- Stígið á fótmótstöðuna. Saumfóturinn fer sjálfkrafa niður.
- Saumið sauminn. Þegar hann er búinn snertið þá tvinnaklipppuna. Tvinnaklippan klippir yfir og undirtvinnana og saumfóturinn lyftist þannig að þið getið fjarlægt efnið.



Beint spor

Einnig er hægt að nota beint spor fyrir stungusauma. Fyrir meira áberandi stungusauma lengið þið sporlengdina og notið grófari tvinna og grófa nál.

EFNI teygjanleg í tveimur lögum.

VELJIÐ Teygjanlegt þunnt efni og saumatækni. SAUMA RÁÐGJAFINN ™ velur teygjanlegan saum.

NOTIÐ Mælir með fæti A og “stretch” nál í grófleika 75.

SAUMIÐ:

- Setjið efnin réttu á móti réttu.. Setjið efnin undir saumfótinn. Leggið jaðarinn við 10mm saumstýringuna, sem gefur þá 15mm saumfar.

  Stígið á fótmótstöðuna. Saumfóturinn fer sjálfkrafa niður.
- Saumið sauminn. Þegar hann er búinn snertið þá tvinnaklipppuna. Tvinnaklippurnar klippa bæði yfir og undirtvinnann og saumfóturinn lyftist þannig að þið getið fjarlægt efnin.



Teygjanlegur saumur

## KASTSAUMUR




Kastið jaðrana til að ekki rakni úr þeim og það heldur þeim einnig flötum. Nauðsynlegt er að kasta jaðrana áður en þið saumið efnin saman. Við mælum með saumfæti J fyrir þunn og meðal efni en hann kemur í veg fyrir að jaðarinn dragist inn og rykkist. Saumfótur B er notaður fyrir grófari efni. SAUMA RÁÐGJAFINN TMvelur hentugasta sauminn, bestu sporlengd og sporbreidd fyrri efnið og ráðleggur einnig hvaða saumfót og nál ætti að nota.

EFNI Ofin meðal

VELJIÐ Ofin meðal og kastsaumstækni (SAUMA RÁÐGJAFINN TM velur þriggja þrepa zik zak)

NOTIÐ Saumfót J og nál í grófleika 80 eins og mælt er með.

Setjið einfalt efnið undir saumfótinn J en hann er með vír-jaðarstýringu sem kemur í veg fyrir að jaðarinn dragist inn og rykkist. Þriggja þrepa zik zak saumurinn fer út fyrir vírinn og þar með dregst jaðarinn ekki inn.

SAUMIÐ

- Stígið á fótmótstöðuna. Saumfóturinn fer sjálfkrafa niður.
- Saumið og kastið jaðarinn.
- Snertið tvinnaklippurnar.




*Ath: Það er ekki nauðynlegt að kasta jaðra á vinyl og leðri því þau eru ekki ofin efni. Samt sem áður leyfir SAUMA RÁÐGJAFINN TMykkiur að gera það ef þið viljið. Veljið Leður/Vinyl efni og kastsaum í SAUMA RÁÐGJAFANUMTM (SAUMA RÁÐGJAFINNTM velur zik zak spor)*

## SAUMUR OG KASTSAUMUR

Þessi saumur saumar efnið saman og kastar jaðarinn í sama saum. Það eru fjölmargir mismunandi saumar/kastsauamr í þessari vél. SAUMA RAÐGJAFINN™ velur besta sauminn fyrir efnið sem þið veljið og framkvæmir jafnfram grunnstillingar á vélinni.




EFNI Teygjanleg þunn í tveimur lögum

VELJIÐ þunn teygjanleg og saum/kastsaum í SAUMA RÁÐGJAFANUM™

NOTIÐ Saumfót J og “Stretch” nál nr 75 eins og mælt er með.

SAUMIÐ:

- Setjið efnin réttu á móti réttu.. Staðsetjið efnin undir saumfætinum og gætið þess að vírinn á fætinum renni meðfram brún efnisins.
- Stígið á fótmótstöðuna. Saumfóturinn fer sjálfkrafa niður
- Saumið / kastið sauminn
- Snertið tvinnaklippurnar.



Notið þessa sauma/kastsauma tækni á teygjanleg gróf efni og einnig á gróf ofin efni. SAUMA RÁÐGJAFINN ™ velur besta sauminn, sporlengdina, sporbreiddina, tvinnaspennu, þrýsting á saumfót og saumhraða fyrir það efni sem þið veljið. Farið eftir öðrum ráðleggingum sem eru á skjánum.

## SAUMUR/KASTSAUMUR FYRIR PRJÓN.

Þessi saumur/kastsaumur hentar t.d. vel til að sauma hálsbönd og stroff saman.




EFNI Jogging gallar og stroff

VELJIÐ Teygjanleg meðal og saumur/kastsaumur.

NOTIÐ Saumfót B og “Stretch” nál nr. 90 eins og ráðlagt er.

TVINNI Venjulegan saumtvinna.

Klippið út fyrir hálsmáli í efnið Brjótið stroffið tvöfalt. Setjið efnið og stroffið saman. Saumið stroffið við efnið með 6mm saumfari. Strekkið á stroffinu um leið og þið saumið það.



## ÞRÆÐING




Þræðing er bráðabirgðaspor til að máta flík og einnig notað fyrir rykkingar og merkingar.

SAUMA RÁÐGJAFINN™ stillir sjálfkrafa á langa sporlengd og minnkar tvinnaspennuna þannig að auðvelt verður að fjarlægja tvinnana eða toga í þá í rykkingum.

EFNI ofin meðal, klippt í tvennt.

VELJIÐ ofin meðal efni og þræðingu

NOTIÐ: saumfót A og nál nr. 80 eins og ráðlagt er.

Setjið efnin saman réttu á móti réttu. Setjið efnin undir saumfótinn.

SAUMFAR 15mm



SAUMIÐ:

- Stígið á fótmótstöðuna. Saumfóturinn fer sjálfkrafa niður.
- Saumið eftir saumfarinu.
- Snertið tvinnaklippuna
- Togið í undirtvinnann til að fjarlægja tvinnana.

## BLINDFALDUR




Blindfaldurinn á ekki að sjást á réttunni. Það er um tvær gerðir af blindfaldi að ræða - annar er fyrir meðal til gróf efni og hinn fyrir teygjanleg efni.

Ekki er ráðlagt að.sauma blindfalda á þunn efni, en SAUMA RÁÐGJAFINN ™ velur samt saum ef hann er spurður.

EFNI Ullar eða önnur meðal gróf efni.

VELJIÐ Ofin meðal þykk og blindfald.

NOTIÐ Saumfót D og nál í grófleika 80 eins og ráðlagt er.

TVINNI Venjulegur saumtvinni




Brjótið efnið eins og sýnt er á myndinni. Fullvissið ykkur um að efnið renni eftir innri hluta “táarinnar” á saumfæti D.

Stígið á fótmótstöðuna. Saumfóturinn fer sjálfkrafa niður.

Í vinstri sveiflunni á nálinni á hún aðeins rétt að stinga í blábrúnina á faldinum. Ef nauðsyn krefur þá stillið þið sporbreiddina þannig að nálin bara “rétt nái í” bláþráð í faldinum og stillið það með + og - hnöppunum á skjánum. Eftir að hafa lokið við sauminn snertið þið tvinnaklippurnar.



## FALDUR

Faldurinn í SAUMA RÁÐGJAFANUM™ mun velja sýnilega eða faldinn með stungusaum, sem besta og hentugasta fald fyrir efnið sem valið var.  Fyrir ofin efni, leður og vinyl verður ávallt valið beint spor. Fyrir teygjanleg efni verða valin teygjanleg spor.




### Faldur á gallabuxur

Þegar saumað er yfir þversauma á mjög grófum efnum eins og t.d. gallabuxum, þá á saumfóturinn erfitt með að komast upp á og yfir þversauminn þegar hann kemur að honum. Nálin getur meira að segja rekist í skáhallandi fótinn og brotnað. Notið  alhliða verkfærið til að jafna út hæðina á faldinum og efninu sjálfu





EFNI  Denim efni

VELJIÐ  ofin gróf  og fald

NOTIÐ  Mælt er með saumfót B og “jeans” eða “denim” nál nr. 90

Snertið “nálin uppi/niðri” og veljið að hafa nálina niðri. Byrjið að sauma faldinn nálægt miðjunni að aftan. Þegar þið nálgist þversauminn, hættið þið að sauma. Vélin stöðvast með nálina niðri í efninu og lyftir saumfætinum. Setjið alhliða áhaldið undir saumfótinn aftan frá.

Hliðarnar á alhliða áhaldinu eru misjafnlega þykkar. Notið þá hlið sem hentar fyrir þykktina hverju sinni. Stígið á fótmótstöðuna og haldið áfram að sauma en saumið hægt yfir þversauminn.

Stöðvið vélina aftur rétt fyrir framan faldinn (skoðið hvar nálin er í efninu). Færið nú alhliða áhaldið og setjið það nú framan frá undir saumfótinn.

Saumið nokkur spor þar til saumfóturinn hefur farið yfir þversauminn og hvílir á alhliða áhaldinu. Hættið að sauma. Nálin er í efninu, og saumfóturinn fer upp. Fjarlægið alhliða áhaldið  Haldið áfram að sauma faldinn.

### Teygjanlegur faldur

Veljið teygjanlegt meðal efni og SAUMA RÁÐGJAFINN ™ velur “flatlock” saum. Farið eftir öðrum ráðleggingum sem eru á skjánum.

Brjótið faldinn yfir á rönguna og saumið síðan með “flatlock” saum á réttunni. Klippið umfram efnið frá á eftir. Notið þessa tækni einnig fyrir beltalykkjur.



*“Flatlock” saumur fyrir falda á teygjaleg efni og fyrir beltastroffur.*



## “SENSOR” HNAPPAGAT  MEÐ FULLKOMNU JAFNVÆGI.

SAUMA RÁÐGJAFINN ™ velur hentugasta hnappagatið og stillingar fyrir efnið sem þið veljið. Það ætti að setja stöðugleikaefni á milli efnanna eða alla vega undir efnið þar sem hnappagatið á að saumast í það.

Þið getið einnig valið hnappagötin beint á hnappagata valmyndinni B.

EFNI  Ofin meðal og stöðugleikaefni.

VELJIÐ  Ofin meðal og hnappagöt

NOTIÐ  Nál nr. 80 eins og mælt er með.

1  Smellið  “sensor” hnappagatafætinum á vélina.
2  Tengið leiðsluna við tengil /A) til vinstri fyrir ofan nálarsvæðið.
3  Mælið töluna á mælistikunni framan á vélinni.
4  Stillið stærðina á tölunni í mm á skjáinn.

Áður en þið byrjið að sauma fullvissið ykkur um að hvíta merkið á hjólinu sé á móts við hvíta merkið á fætinum.

Þegar vélin saumar hnappagatið mun hún sauma það í réttri lengd fyrir töluna sem þið ætlið að nota.

Lengdin á hnappagati fer eftir breidd og þykkt tölunnar sem þið ætlið að nota. Saumið ávallt prufu hnappagat á afgangsefni áður en þið saumið á flíkina sjálfa.

*Ath: Fyrir ofin gróf  og leður velur SAUMA RÁÐGJAFINN ™ hnappagöt sem ekki ætti að sauma með “sensor” hnppagatafætinum.*

### Saumið  hnappagatið

Brjótið efnið tvöfalt saman og setjið stöðugleikaefni á milli þeirra. Merkið fyrir staðsetningu hnappagatanna a efnið með PICTOGRAM ™ pennanum. Stillið inn breiddina á tölunni.

- Setjið efnið undir “sensor” hnappagatafótinn. Þið getið lyft mælihjólinu á fætinum, sem gerir auðveldara að setja efni undir fótinn.

*Ath: Notið merkiingarnar á vinstri tánni á hnappagatafætinum til að ákvarða hvar jaðarinn á að vera.  Staðsetjið jaðar efnisins á móts við miðju merkið til að hafa 15mm frá jaðrinum að hnappagatinu.*

- Stígið á fótmótstöðuna. “Sensor” hnappagatafótuinn fer sjálfkrafa niður. Beint spor er saumað í áttina frá ykkur og styrkir aðeins undirlagið fyrir fyrri legginn - síðan er fyrri og vinstri  leggurinn saumaður með zik zak sporum í áttina að ykkur. Þetta er svo endurtekið fyrir hægri legginn. Heftingarnar við enda leggjanna verða saumaðar sjálfkrafa (sjá mynd 1).  Stígið áfram á fótmmótstöðuna þar tvinnaklippurnar hafa klippt tvinnana og “sensor” hanppagatafætinum hefur verið lyft.







*Tengill fyrir “sensor” hnappagatafót.*






*Setjið jaðar efnisins hér til að fá 15mm bil frá jaðri að hnappagatinu.*



*1 Saumaáttir fyrir flatsaums hnappagat sem saumað er með “sensor” hnappagatafætinum.*

Þegar þið saumið hnappagöt án flatsauma eða þegar þið notið saumfót C verða þrepin í hnappagötunum öðru vísi (engin bein spor). Sjá mynd 2.

*Ath: Ef þið þurfið að sauma hnappagöt á mjög þröng svæði, notið þá hnappagatafót C og saumið hnappagötin í samræmi við leiðbeiningarnar hér fyrir neðan.*



*2 Þessi hnappagöt með eða án flatsaumsspora eru saumuð með hnappagatafæti C.*

## HANDVIRK  HNAPPAGÖT

Til að sauma handvirk hnappagöt, notið hnappagatafót C.

- Saumið fyrsta legginn í þeirri lengd sem þið viljið hafa hann.
- Snertið afturábak hnappinn. Vélin saumar heftinguna og seinni legginn.
- Þegar leggirnir eru jafnlangir ýtið þið aftur á afturábak til að sauma seinni heftinguna. Látið saumfótinn vera niðri þar til vélin stöðvast.

## Hnappagöt með undirleggsþræði (teygjanleg efni).

Þegar þið saumið hnappagöt á teygjanleg efni ráðleggjum við  ykkur að hafa undirleggsþráð undir leggjunum til að ekki teygjist á hnappagötunum.




1 Búið  til lykkju á þráðinn og smeygið henni síðan á pinnann sem er aftan á hnappagatafætnum C.
2 Saumið hnappagat. Látið zik zak sporin í leggnum hylja þráðinn.
3 Hættið að sauma áður en þið eruð búin að sauma seinni heftinguna. Lyftið lykkjunni af hnappagatafætinum og togið í endana þannig að lykkjan fari inn í fyrri heftinguna.
4 Krossið þræðina fyrir framan nálin og saumið síðan það sem eftir er af heftingunni yfir þræðina.

## HANDVIRK HEFTING

Ákvarðið lengdina á handvirku heftingunni með saum A22.



### SAUMIÐ:

Setjið efnið undir saumfótinn. Snertið “saumfótur niður og í sveifluhæð” og lagfærið efnið ef  með þarf. Stígið á fótmótstöðuna og saumfóturinn fer niður og vélin byrjar að sauma.

- Vélin saumar beint spor þar til þið ýtið á afturábak hnappinn.
- Vélin saumar þá afturábak þar til þið snertið afturábak á ný.
- Vélin saumar síðan zik zak spor og hylur beinu sporin.
- Snertið afturábak til að sjálfkrafa hefta fyrir og klippa tvinnana.



## ÝMISLEGT UM SAUMATÆKNI

Sauma valmyndin P fyrir sérstaka sauma inniheldur m.a. sérstök spor og sauma eins og kertakveikssaum, sameina og halda, tvöfaldan bandsaum, bútasauma, applíkeringar þriggja gata snúrusaum og jaðar stungusauma. Fyrir sumt af þessu þarf að fá aukalega fáanlega fætur og/eða fylgihluti. Þetta er gefið til kynna í tákninu um aukalega saumfætur

*Ath: Notið hraðhjálpina til að finna leiðbeiningar um þessa sauma.*




## Applíkeringar saumar

Notið efni, stöðugleikaefni og efnisbúta fyrir applíkeringar (3,5cm x 3,5cm). Veljið efni sem trosnar ekki mikið.



1 Veljið saum L:8 Smellið viðkomandi saumfæti á vélina.
2 Setjið efnið undir saumfótinn og gerið "nálin upp/ niðri/ virkt og veljið stöðuna "nálin niður".
3 Stígið á fótmótstöðuna og byrjið að sauma. Vélin byrjar að sauma og stöðvast síðan sjálfkrafa og saumfóturinn fer upp í sveifluhæð.
4 Setjið smábút af applíkeringarefni undir saumfótinn beint fyrir aftan nálna.
5 Haldið áfram að sauma þar til vélin stöðvast sjálfkrafa á ný.
6 Endurtakið þrep 3-5 þar til viðeigandi sporlengd er náð.
7 Klippið allt umfram applíkeringarefni í burt.



*Ráð: Þið getið gert sauminn ykkar öruggari með því að setja straujanlegt stöðugleikaefni undir applíkeringarbútinn og hafa hann þá í sömu stærð og efnið sjálft er. (Þið fjarlægið auðvitað pappírinn fyrst). Eftir að hafa saumað sauminn þá klippið þið umfram applíkeringarefnið og stöðugleikaefnið frá. Eftir að hafa klippt þetta getið þið straujað efnið á sinn stað.*

## SKRAUTLEGIR MJÓKKANDI/BREIKKANDI SAUMAR

Valmynd Q er með nokkra sauma sem hægt er að nota í mjökkandi/breikkandi sauma. Snertið táknið fyrir “tapering” saumana til að opna sprettiglugga þar sem þið getið valið þann skáa sem þið viljið nota. Snertið flipann vinstra megin til að ákvarða skáann í byrjun saums og flipann hægra megin til að ákvarða skáann í lok saumsins. Þegar þið hafið lokið þessu snertið þið OK táknið til að loka glugganum.









Vélin saumar nú skáann sem þið völduð fyrir byrjunina og síðan þann flatsaum sem þið völduð. Þegar þið hafið saumað þá lengd sem þið viljið, snertið þið afturábak hnappinn. Þá mun vélin sauma seinni skáann og stöðvast. Ýtið á STOP hnappinn til að endurtaka þennan saum sjálfkrafa.

### Saum lokið

Veljið “taper off” ef þið viljið ekki mjókkun eða breikkun í byrjun eða enda saums. Ef þið veljið “taper olff” bæði í byrjun og enda saumsins verður saumurinn bara venjulegur flatsaumur.

## FRÍHENDIS BÚTASAUMUR.

### Fríhendis fljótandi




Þegar þið saumið fríhendis á litlum hraða mun fóturinn lyftast og lækka í hverju spori til að halda við efnið á meðan sporið verður myndað. Þegar þið saumið á meiri hraða mun saumfóturinn “fljóta” ofan á efninu á meðan þið saumið. Flytjarinn verður að vera úr sambandi og þið færið efnið sjálf með höndunum.

Flestir fríhendis saumar eru saumaðir með beinum eða zik zak sporum. Samt sem áður er hægt að sauma alla sauma með fríhendis aðgerð. Áttin og hraðinn sem þið færið efnið ákvarðar útlit saumsins.

*Ath: Fríhendis gorma aðgerð - Ef þið eruð að nota aukalega fáanlega fríhendis gormafót, stillið vélina þá fyrir fríhendis gorma aðgerð. Flytjarinn verður tekinn úr sambandi. Stillingin verður áfram þótt slökkt verði á vélinni. Sprettigluggi minnir ykkur á stillinguna þegar þið kveikið á vélinni á ný. Lokið sprettiglugganum með því að ýta á OK. Til að sauma venjulega sauma á ný, slökkvið þið á fríhendis gorma aðgerðinni í saumaskoðunar flipanum.*

Fríhendis gormasaums fóturinn fylgir nálinni þegar hún fer upp og niður með aðstoð gorms og arms á saumfætinum. Flytjarinn verður að vera úr sambandi og þið færið efnið sjálf með höndunum.

*Ráð: Notið aukalega fáanlega fríhendis gormafótinn sem er opinn að framan.*

## FRÍHENDIS DEPLA EÐA PUNKTA AÐGERÐ

Þið þurfið að færa efnið sjálf með höndunum.

1 Snertið “nálin uppi/niðri” og veljið stöðuna “nálin niðri”.
2 Saumið á stöðugum meðal hraða og færið efnið á mismunandi vegu. Reynið að sauma nokkurs konar hrafnaspark þegar þið saumið og færið efnið. Fríhendis depla eða punkta saumur er yfirleitt bugðóttir saumar sem ættu að liggja nálægt hverjum öðrum. Saumurinn ætii helst að líkjast stykkjum úr pússluspili.

*Ráð: Notið aukalega fáanlega “deplafót” sem er opinn að framan til að sjá betur þegar þið notið þessa aðferð*

*Ath: Til að stilla vélina aftur á venjulega sauma snertið þið táknið fyrir “fríhendis aðgerðina” og afveljið aðgerðina.*

**1:1 Fríhendis depla eða punkta aðgerð**

**Efni** Ofin meðal með vatti undir

**Veljið** Ofin meðal á SAUMA RÁÐGJAFANUM ™ Beint spor 1, Fríhendis á flipanum fyrir sauma upplýsingarnar.

**Notið** Saumfót R og nál nr. 80 eins og ráðlagt er.



# 5 FORRIT

*Þessi hluti leiðbeininganna mun hjálpa ykkur að búa til sambland af saumum og stöfum til að skreyta fatnað.*

# FORRIT

Þið getið blandað saman saumum og/eða stöfum og tölustöfum og þannig hannað falleg mynstur. Blandað saman hinum ýmsu stöfum og innbyggðum saumum, eða frá utanáliggjandi tækjum.

- Farið í forritunar gluggann með því að snerta PROG táknið íStart valmyndinni.
- Snertið sauma eða stafrófs valmyndirnar til að opna saum eða stafróf sem þið ætlið að nota Þið getið einnig “snert og haldið” til að opna sauma og stafa forritin.
- Virk staða er merkt með bendli og valinn saumur eða stafur er merktur með rauðum lit. Saumar verða settir inn þar sem bendillinn er staðsettur. Aðeins er hægt að breyta innsettum saum. Þið getið fært bendilinn eftir saumaröðinni með örvunum á skjánum.
- Þegar þið breytið saum í forritunar aðgerð, þá verður það eingöngu merkti saumurinn sem hægt er að breyta. Ef þið farið í sauma aðgerð þá getið þið breytt allri saumaröðinni.
- Til að loka forritunarglugganum og sauma forritaða sauminn, snertið þið OK táknið eða stígið bara á fótmótstöðuna eða ýtið á start/stop hnappinn.

*Ath: Ef þið blandið mjókkandi/breikkandi sporum (tapering stitches) í PROG, þá er ekki hægt að mjókka eða breikka þau þar. En hinsvegar ef þið forritið eingöngu mjókkandi/breikkandi sauma þá getið þið mjókkað eða breikkað heildar saumaröðina.*









# LAGIÐ EÐA LEIÐRÉTTIÐ SAUMA OG STAFAFORRIT.

## FLIPAR Í FORRITUNAR AÐGERÐ.

Um er að ræða þrjár gerðir af flipum í forritunar aðgerð. Sá fyrsti er flipinn fyrir upplýsingar um saumana sem þið getið framkvæmt breytingar á einstökum saumum sem þið hafið forritað. Næsti flipi er fyrir saumavalmyndina þar sem þið getið fundið alla þá sauma sem þið getið forritað. þriðji flipinn er fyrir stafrófs valmyndina þar sem þið getið valið hvaða stafrófsvalmynd þið ætlið að nota. Þið getið snert og haldið á sauma og stafa valmyndunum til að opna fleiri sauma eða stafavalmyndir.

### Saum eða staf bætt inn í.

Með örvunum færið þið bendilinn á þann stað sem þið viljið bæta inn saum eða staf. Veljið viðkomandi saum eða staf. Og honum verður bætt inn á staðnum sem bendillinn er.

### Stillið textann og saumana.

Þið getið speglað, stillt lengd eða breidd eða breytt þéttleika á völdum saum á sama hátt og þegar þið eruð í sauma aðgerð. Aðeins völdum saum verður breytt.

### Eyða saum eða staf

Ef þið viljið eyða saum, færið þið bendilinn að þeim saum sem á að eyða (valinn saumur verður rauður) og snertið síðan "eyða" hnappinn. Snertið og haldið ef þið viljið eyða öllum saumunum í röðinni.

*Ath: Bein lína við byrjunina á táknunum fyrir skrun upp eða niður gefur til kynna að skrun sé tilbúið*




## SKIPANIR Í SAUMA FORRITUN

Þið getið sett inn skipanir fyrir STOP,FIX og tvinnaklippingar í saumaforritið. Þessar skipanir verða í sauma forritinu og verða ávallt framkvæmdar þegar þið saumið forritið.

Notið örvarnar fyrir skrunsleðann upp eða niður til að færa bendilinn á þann stað sem þið viljið bæta inn skipun. Snertið hnappinn eða tákn á skjánum og skipuninni verður bætt við forritaða sauminn. Þetta staðfestir að skipunin hafi verið sett inn og einnig hvar skipunin verði framkvæmd í sauma forritinu.



# SAUMAFORRIT SAUMAÐ

Til að sauma forritaðan saum hlaðið þið honum inn með því að ýta á OK táknið í efra hægra horninu á forritunar glugganum. Þið getið einnig ýtt aðeins á fótmótstöðuna, og þá hleður vélin mynstrinu inn og þið getið saumað það.




## Stillið heildar mynstrið.

Til að stilla heildar mynstrið lokið þið forritunar glugganum. Stillingar sem eru framkvæmdar fyrir utan forritunargluggann hafa áhrif á alla mynsturröðina.

# VISTA Í "MÍNUM SAUMUM"

Þegar þið eruð tilbúin með saumana, snertið þið OK táknið sem er efst í hægra horninu og hlaðið saumnum inn í vélina. Snertið táknið "vista í mínum saumum" og þá opnast sá gluggi. Þar eru fjögur forrit sem þið getið notað til að fletta á milli með því að nota örvarnar neðst á skjánum.

Áður vistaðir saumar eða saumaforrit eru sýnd í forritinu "mínum saumum" (U forrit). Nýja sauminn er hægt að vista hvar sem autt pláss er fyrir hendi. Snertið auða svæðið, og þá verður saumurinn vistaður þar.

Snertið upptekið svæði og sprettigluggi kemur fram og þið eruð spurð hvort þið viljið skrifa yfir þetta uppteka svæði. Snertið OK til að skrifa yfir gamla sauminn með þeim nýja. Snertið "hætta við" (cancel) til að loka sprettiglugganum og velja annann stað.




## Eyða vistuðum eða forrituðum saum.

Til að eyða vistuðum eða forrituðum saum ýtið þið á "eyða" (delete) og snertið síðan viðkomandi saum eða forritaðan saum. Sprettigluggi kemur upp og biður ykkur um að staðfesta valið.

*Ath: Ef þið snertið og haldið "eyða" getið þið eytt öllum saumunum í viðkomandi valmynd. Þegar þið hafið snert "eyða" táknið verður mynd sýnd neðst á skjánum Svo lengi sem sú mynd er sýnd verður eyða-aðgerðin virk og þið getið haldið áfram að eyða saumum. Snertið "eyða" á nýjan leik til að gera viðkomandi aðgerð óvirka.*

# TIL AÐ.ENDURHLAÐA SAUMAFORRIT

Þegar þið hafið lokið við að forrita sauminn og snertið OK, verður saumnum hlaðið inn og þið getið saumað hann. Ef þið veljið annan saum og farið síðan aftur inn í forritunar aðgerð, þá verður sauma forritið óbreytt. Í hvert sinn sem forritunar aðgerð er lokað verður viðkomandi saum hlaðið inn og hann tilbúinn fyrir saum.

Þið getið einnig hlaðið inn áður vistuðum saum úr U-valmyndinni og framkvæmt breytingar í forritunar aðgerð.

*Ath: Ef slökkt er á vélinni hverfur forritið úr forritunar aðgerð. Munið að vista sauminn áður en þið slökkvið á vélinni.*

# 6 SKRÁARSTJÓRN

*Í þessum kafla munum við skoða nánar hvernig best er að skipuleggja skrárnar ykkar í saumavélinni.*

# SKRÁARSTJÓRN

Skráarstjórnin er notuð til að opna, skipuleggja, bæta við, færa, fjarlægja og afrita skrárnar ykkar. Notið annaðhvort innbyggt minni eða minni í utanáliggjandi tæki, sem tengt er við vélina, til að geyma skrárnar ykkar Til að opna skráarstjórnina, snertið þið táknið fyrir start valmyndina og snertið síðan táknið fyrir skráarstjórn.




# MINNI SEM ER FYRIR HENDI

Innbyggða minnið getur geymt sauma og aðrar skrár. Til að athuga hversu mikið laust minni er fyrir hendi í innbyggða minninu, snertið þið táknið fyrir start valmyndina og SET valmyndina, stillingar á vél og snertið síðan táknið fyrir upplýsingar (Info). Sprettigluggi sýnir nú hversu mikið er búið að nota af minninu.






# SKOÐIÐ SKRÁARSTJÓRNINA

Þegar skráarstjórn er opin getið þið náð í möppuna “mínar skrár” og einnig USB minnislykilinn (ef þið eruð með hann tengdan við vélina).

Snertið eitthvert af þessum táknum til að skoða innihaldið á valfletinum.




## SKOÐUN Á LISTUM/SMÁMYNDUM

Snertið táknið fyrir skoðun á “listum/smámyndum” til að skoða skrár í viðeigandi möppu en þeim er raðað í stafrófsröð. Hægt er að skoða hverja einstaka skrá, skráarnafn og tegund Snertið skoðunartáknið fyrir “listana/smámyndirnar” á ný til að skipta yfir í skoðun á smámyndunum.




## MÍNAR SKRÁR

Í “mínum skrám” getið þið búið til möppur til að hafa skrárnar skipulagðar.

## USB

USB táknið er eingöngu virkt þegar USB minnislykill eða utánáliggjandi tæki er tengt við USB tengilinn á vélinni.

## OPNIÐ MÖPPU

Snertið og haldið við möppuna til að opna hana. Innihald möppunar verður sýnt á valfletinum.

## FARIÐ UPP UM EINA MÖPPU.

Notið táknið fyrir “færa upp um eina möppu” til að fara í gegn um allar möppurnar. Hægt er að fara alla leið upp að fyrstu möppunni. Á valfletinum sjáið þið skrárnar og möppurnar í hverju þrepi fyrir sig.

# SKIPULEGGJA

## BÚA TIL NÝJA MÖPPU

Snertið táknið fyrir “búa til nýja möppu” til að hanna hana. Sprettigluggi kemur upp þar sem þið getið skrifað nafn á nýju möppunni.

## FÆRA MÖPPU EÐA SKRÁ

Notið “klippa” og “líma” til að færa skrá eða möppu á annan stað.

Veljið skrána eða möppuna með þvi að snerta þær og snertið síðan “klippa”. Opnið möppuna þar sem þið viljið geyma það sem á að færa. Snertið “líma” Skráin eða mappan er nú geymd á nýja staðnum og hefur verið fjarlægð af þeim fyrri.

## AFRITA SKRÁ EÐA MÖPPU

Notið “afrita” og “líma”

Veljið skrána eða möppuna og snertið síðan “afrita”. Opnið möppuna þar sem þið viljið geyma það sem á að færa. Snertið “líma”

## ENDURSKÍRA SKRÁ EÐA MÖPPU

Til að breyta nafni á möppu, snertið þið þá möppu sem á að breyta um nafn á og snertið síðan táknið fyrir “endurskíra skrá eða möppu”. Sprettigluggi kemur fram þar sem þið getið breytt nafninu á henni.

## EYÐA SKRÁ EÐA MÖPPU

Til að eyða skrá eða möppu veljið þið hana og snertið síðan “eyða”. Sprettigluggi kemur fram og biður um staðfestingu á eyðingunni. Ef möppu er eytt, þá eyðast um leið allar skrár sem eru í viðkomandi möppu. Til að eyða öllum skrám og möppum í möppunni sem er opin, snertið þið eyðingartáknið og haldið því inni í nokkrar sekúndur.




# SPRETTIGLUGGAR Í SKRÁARSTJÓRN

## Ekki er nægjanlegt minni fyrir hendi.

Hægt er að geyma skrár í innbyggða minninu. Þegar minnið er orðið fullt, getið þið flutt skrárnar og möppurnar yfir í utanáliggjandi tæki með þvi að nota “klippa” og “líma” aðgerðirnar.

Þegar aðeins lítið minni er fyrir hendi í vélinni, lætur vélin ykkur vita af því einu sinni. Ef þið haldið áfram að setja inn í minnið, mun vélin ekki láta ykkur vita aftur fyrr en minnið er alveg orðið fullt.

## Kerfið upptekið

Þegar vélin er að hlaða inn, vista, færa skrár eða framkvæma aðgerð sem tekur smá tíma kemur stundaglas á skjáinn.

# 7 VIÐHALD

*Í þessum kafla finnið þið upplýsingar um hvernig eigi að hirða um vélina og hér er einnig kafli um truflanir og ráð við þeim.*

# VÉLIN HREINSUÐ

Til að halda vélinni í góðu lagi þurfið þið að hreinsa hana oft. Ekki þarf að smyrja þessa vél.

Strjúkið að vélinni utanverðri með mjúkum klút til að fjarlægja ryk og ló.

## Gríparasvæðið hreinsað

Fjarlægið saumfótinn og rennið lokinu af gríparasvæðinu. Takið flytjarann úr sambandi. Setjið skrúfjárn undir stingplötuna eins og sýnt er á myndinni og snúið því lauslega og þá smellur stingplatan upp. Hreinsið tennur flytjarans með burstanum sem fylgir með vélinni.



## Hreinsið gríparasvæðið

Hreinsið svæðið undir spólunni í hvert sinn sem þið hafið notað vélina í nokkur skipti eða í hvert sinn sem þið sjáið að óhreinindi og ló hafa safnast þar fyrir.

Fjarlægið spóluhúshölduna (A) sem hylur fremri hlutann af spóluhúsinu - lyftið því einfaldlega upp. Fjarlægið spóluhúsið (B) með því að lyfta því upp. Hreinsið svæðið með burstanum.

⚠ *Ath: Farið varlega þegar þið hreinsið í kring um tvinnaklippuhnífinn (C).*

Setjið spóluhúsið og hölduna fyrir það aftur á sína staði.

*Ath: Notið aldrei loft til að blása inn í þetta svæði. Þá er hætta á að lóin og óhreinindin fari lengra inn í vélina.*




## Skipt um stingplötu

Með flytjarann úr sambandi setjið þið stingplötuna aftur á vélina og gætið þess að hún falli í raufina að aftan (D). Þrýstið á stingplötuna þar til hún smellur á sinn stað. Rennið lokinu yfir gríparann aftur á sinn stað.



# TRUFLANIR OG RÁÐ VIÐ ÞEIM

Hér getið þið e.t.v. fundið lausn á þeim vandamálum sem upp geta komið. Ef þið óskið eftir frekari upplýsingum, hafið þá samband við HUSQVARNA R umboðsaðila sem gjarnan mun reyna að hjálpa ykkur.

## Látið Husqvarna þjónustuna fara reglulega yfir vélina.

Ef þið hafið farið eftir þessum ráðleggingum og eigið samt í vandræðum með vélina, farið þá með hana til þjónustuaðilans. Ef þið eigið við eitthvað ákveðið vandamál að stríða þá er alltaf gott að láta saumaða prufu fylgja með sem sýnir vandamálið. Slík prufa segir oft meira en þúsund orð.

### Almenn vandamál

| | |
|---|---|
| Spólu-viðvörunin virkar ekki | Hreinsið ló úr gríparasvæðinu og notið eingöngu "original" HUSQVARNA R spólur sem eru fyrir þessa vél. |
| *Tvinnaklippan klippir ekki tvinnann.* | *Fjarlægið stingplötuna og hreinsið gríparasvæðið.*<br>*Gerið sjálfvirka tvinnaklippingu virka í SET valmyndinni.* |
| Vélin flytur ekki efnið? | Fullvissið ykkur um að flytjarinn sé í sambandi. |
| *Rangt spor, óreglulegt eða of mjótt spor?* | *Gerið tvíburnála og sporbreiddar öryggið óvirkt í SET valmyndinni* |
| Nálin brotnar? | Setjið nálina rétt í eins og lýst er í kafla 2. |
| *Vélin saumar ekki?* | *Athugið hvort allir tenglar séu í sambandi og rafmagn sé á veggtenglinum.* |
| Skjárinn sýnir bara byrjunarmyndina. | Snertið skjáinn til að gera hann virkan.<br>Slökkvið á skjávaranum í SET valmyndinni. |
| *Táknin á skjánum virka ekki þegar þau eru snert?* | *Kvarðið skjáinn. Kvörðunina finnið þið í SET valmyndinni (Stillingar á skjá)* |
| Skjárinn og/eða aðgerðarhnapparnir bregðast ekki við snertingu? | Tenglarnir og aðgerðarhnapparnir á vélinni geta verið viðkvæmir fyrir stöðurafmagni. Ef hnapparnir virka ekki við snertingu slökkvið þá á vélinni og kveikið á henni aftur. Ef vandamálið leysist ekki hafið þá samband við HUSQVARNA R þjónustuaðilann. |

### Yfirtvinninn slitnar

| | |
|---|---|
| Er nálin rétt sett í nálarhölduna? | Setjið nálina rétt í eins og lýst er í kafla 2. |
| *Er röng tegund af nál í vélinni?* | *Notið nálar 130/705H.* |
| Er nálin bogin eða oddlaus? | Setjið nýja nál í vélina. |
| *Er nálin of fín fyrir tvinnann sem þið notið?* | *Setjið réttan grófleika af nál í nálarhölduna.* |
| Er gatið. á stingplötunni skemmt? | Skiptið umstingplötuna. |
| *Er vélin rétt þrædd?* | *Yfirfarið þræðinguna. Þræðið vélina á nýjan leik (sjá bls. 2:5).* |
| Eru þið að nota hnökróttan eða gamlan og þurran tvinna? | Skiptið yfir í hágæða tvinna eins og tvinna sem HUSQVARNA umboðsaðilar R selja. |
| *Er rétt skífa á tvinnakeflunum?* | *Notið skífu af réttri stærð fyrir það tvinnakefli sem þið eruð að nota (sjá kafla 2).*<br>*Ef þið eruð að nota lóðrétta keflispinna, þá á ekki að nota keflisskífu ofan á keflið.* |
| Er besta staða fyrir tvinnakeflið notuð? | Reynið aðra stöðu fyrir tvinnakeflið. |

### Undirtvinninn slitnar

| | |
|---|---|
| Er spólan rétt sett í vélina? | Athugið undirtvinnann (sjá bls. 2:8). |
| *Er gatið á stingplötunni skemmt?* | *Skiptið um stingplötu (sjá bls. 7:2)* |
| Eru ló og óhreinindi í gríparasvæðinu? | Hreinsið ló og óhreinindi úr gríparasvæðinu og notið eingöngu réttar spólur sem eru framleiddar fyrir þessa vél (sjá bls. 7:2). |

| | |
|---|---|
| *Er rétt spólað á .spóluna?* | *Spólið á nýja spólu.* |
| Eru þið með rétta gerð af spólum? | Notið eingöngu réttar spólur sem eru framleiddar fyrir þessa vél (sjá bls. 7:2). |

### Vélin hleypur yfir spor

| | |
|---|---|
| Er nálin bogin eða oddlaus? | Setjið nýja nál í vélina. |
| *Er nálin rétt sett í nálarhölduna?* | Setjið nálina rétt í eins og lýst er í kafla 2. |
| Er röng tegund af nál í vélinni? | Notið eingöngu nálar 130/705H. |
| *Er vélin rétt þrædd?* | *Yfirfarið þræðinguna.* |
| Er réttur saumfótur á vélinni? | Setjið réttan saumfót á vélina. |
| *Er nálin of fín fyrir tvinnann sem þið notið?* | *Skiptið um nál.* |
| Lyftist efnið upp með nálinni þegar þið eruð að sauma fríhendis? | Minnkið hæðina á saumfætinum með því að snerta táknið fyrir fríhendis sauma og lækkið hæðina á saumfætinum. |

### Saumurinn er ójafn og sporin óregluleg

| | |
|---|---|
| Er tvinnaspennan rétt? | Yfirfarið tvinnaspennuna og einnig þræðinguna. |
| *Eru þið að nota lélegan og þurran tvinna?* | *Skiptið um tvinna* |
| Er undirtvinninn jafnt spólaður á spóluna? | Athugið spólunina (sjá bls. 7.2). |
| *Er rétt nál notuð?* | *Setjið nálina rétt í vélina eins og lýst er í kafla 2.* |

### Vélin flytur ekki efnið eða flytur það ójafnt.

| | |
|---|---|
| Er vélin rétt þrædd? | Farið yfir þræðingu vélarinnar og þræðið hana á ný (sjá bls. 2:5). |
| *Hefur ló eða óhreinindi safnast á milli tannaraða flytjarans?* | *Fjarlægið stingplötuna og hreinsið tennur flytjarans með bursta.* |

### Kerfisvilla

| | |
|---|---|
| Ef vélin sýnir sprettiglugga með kerfisvillu (system report)? | Þegar kerfisvilla kemur fram í sprettiglugga, farið þá í "mínarskrár/ reports" og finnið skrána (SystemReport01.dmp eða hærra númer). Vistið skrána á USB minnislykil. Sendið skrána ásamt smá lýsingu á þvi hvað þið voruð að gera þegar þessi villa og sprettigluggi kom upp og sendið þetta til: product.improvement@husqvarnaviking.com Farlægið skrána úr vélinni eftir að hafa sent hana. |

## Notið eingöngu "original" hluti og fylgihluti.

Ábygð vélarinnar getur fallið niður ef þið notið hluti frá öðrum framleiðendum.

# Index


## A

Accessories....1:7
Accessory Box....1:7
Accessory box, Remove....2:3
Add file....6:2
Adjust Text and Stitches....5:3
Adjust the Entire Program....5:4
ALT....4:5
ALT and function arrows....3:4, 4:5
Audio Repeat....3:6
Auxiliary spool pin....1:6, 2:4, 2:6
Available Memory....6:2

## B

Balance....3:7
Bartacks....4:16
Base plate....1:6
Baste....4:8, 4:12
Blind Hem....4:8, 4:12
Blindhem Foot D....1:8
Bobbin alarm....7:3
Bobbin case holder....7:2
Bobbin cover....1:6, 2:8
Bobbins....1:7
Bobbin spindle....2:7
Bobbin thread....3:2
Bobbin Thread Breaks....7:3
Bobbin Thread Low....4:18
Bobbin thread tension spring....2:8
Bobbin winder....1:6
Bobbin winder lever....1:6
Bobbin Winding
 Specialty Threads....2:7
 Through the Needle....2:7
Bobbin winding thread guide....1:6
Browse File Manager....6:3
Brush....1:7
Built-In needle threader....1:6, 2:5
Built-In USB port....1:6
Buttonhole....4:8, 4:14
 Manual....4:15
Buttonhole Foot C....1:6, 1:8
Buttonhole Foot, Sensor One-Step....1:9
Buttonhole size....4:6
Button reed....1:7
Button ruler....1:6
Button Sew On....4:6
Button Size....4:6

## C

Cancel....3:8
Carrying case....1:7
Changing the Needle....2:9
Changing the needle plate....2:8
Changing the Presser Foot....2:8
Check Needle Thread....4:18
Cleaning the Bobbin Area....7:2
Cleaning the machine....7:2
Cleaning under the Bobbin Area....7:2
Clear Open Toe Foot....1:9
Color Touch Screen....3:5
Connecting the foot control cord....2:2
Connector for foot control....1:6
Connector for power cord....1:6
Connect to the power supply....2:2
Connect to USB port....2:3
Copy....6:3
Copy a File or Folder....6:4
Copy file....6:2
Corded Buttonhole....4:15
Create a New Folder....6:4
Cursor....5:2
Cut....6:3
Cut-Away Stabilizer....2:10

## D

Darning Foot R....1:9
Decorative Stitches....1:14
Decorative Stitch Foot B....1:8
Decorative Tapering Stitches....4:16
Delete....3:4, 5:3
Delete a Stitch or Letter....5:3
Delete File or Folder....6:4
Delete Saved Stitch or Program....5:4
Denim Needle....2:9
Disintegrating Stabilizer....2:10
Disk is Full....6:4
Drop Down Menu....6:3

## E

Edge/Quilting guide....1:7
Edit your Stitch or Lettering Program....5:3
Embroidery Foot R....1:9
Embroidery Needle....2:9
Embroidery thread....2:10
Exclusive SENSOR SYSTEM™....3:3, 3:7
Exclusive SEWING ADVISOR™....3:4, 4:7

## F

Fabric Selection....4:7
FAT32....2:3
Feed teeth....2:8
Felt pad....1:7, 2:4, 2:6, 2:7
File Manager....3:5, 6:2
File Manager pop-up messages....6:4
FIX....3:2, 3:3, 5:3
FIX Auto....3:8
Foam....1:8

Folder Structure....6:4
Font Menu.... 5:2, 5:3
Foot control....1:7
Foot control cord....2:2
Free arm....1:6
Free motion....1:9
Free Motion Floating.... 4:4, 4:17
Free Motion Quilting....4:17
Free Motion Spring Action.... 4:4, 4:17
Free Motion Stippling....4:17
Free Motion Technique....4:4
Function button panel....1:6
Function Buttons.... 3:2, 3:3

## G

Glide Plates....1:9

## H

Handle....1:6
Handwheel....1:6
Hard cover....2:3
Heirloom Stitches....1:13
Hem.... 4:8, 4:13
Horizontal spool pin....2:4, 2:5, 2:7

## I

Insert a Stitch or Letter....5:3
Inserting the Bobbin....2:8
Intellectual Property....7:11
Interactive Color Touch Screen....1:6
Iron-on Tear-Away....2:10

## J

Jeans Hem....4:13

## K

Knit....4:7

## L

Language....3:6
leather....1:8
Leather....4:7
LED-lights....1:6
Length balance adjustment....3:7
Lid....1:6
List View....6:3
Lock Screen....3:6

## M

Machine needs to rest....4:18
Machine overview....1:6
Machine Settings....3:6
Magnifying glass....2:8
Main spool pin....1:6, 2:4, 2:7
Manual Buttonhole....4:15
Mirror End to End....5:3
Mirror end to end/mirror side to side....3:4
Mirror Side to Side....5:3
Move a File or Folder....6:4
Move file....6:2
Move Up One Folder Level....6:3
Multipurpose tool....1:7, 2:9, 4:13
My Files....6:3
My Stitches....4:3
My Stitches menu....5:4

## N

Needle bar....1:6
Needle clamp....1:6
Needle plate....2:8
Needle positions....4:5
Needles.... 1:7, 2:9
  Changing.... 2:9
Needle screw....2:9
Needle Stop Up/Down....3:2
Needle Thread Break....7:3
Needle Threader.... 1:6, 2:5
Needle thread guide....1:6
Non-original Parts and Accessories....7:4
Non-Stick Glide Foot H....1:8
Not a Programmable Stitch....5:5

## O

OK...., 3:8
Omnimotion stitches.... 1:9, 1:15
ON/OFF....2:3
Open....6:2
Open a File....6:3
Open a Folder....6:3
Organize.... 6:2, 6:4
Overcast....1:8, 4:8, 4:10
Overview
  Machine.... 1:6
Overview Touch Area....3:4

## P

Pack Away....2:3
Paste....6:3
Perfectly Balanced Sensor One-Step Buttonhole....4:14
PICTOGRAM™ Pen....2:10, 4:14
Plastic....1:8
Pop-up messages
  File Manager.... 6:4
  Program.... 5:5

Sewing ........ 4:18
Power cord ........ 1:7
Connect ........ 2:2
Presser feet and bobbin holder ........ 1:7
Presser Foot ........ 1:6, 1:8
Changing ........ 2:8
Presser foot ankle ........ 1:6
Presser foot bar ........ 1:6
Presser Foot C ........ 1:9
Pre-Tension Thread guide ........ 1:6, 2:5, 2:7
Program ........ 3:5, 5:2
Program in Sewing Mode ........ 5:2
Program length ........ 5:2
Program mode ........ 3:5
Program pop-up messages ........ 5:5

## Q

Quick Help ........ 3:4
Quilter's 1/4" Piecing foot P ........ 1:9
Quilting guide ........ 1:7
Quilt Stitches ........ 1:13

## R

Re-Load a Stitch Program ........ 5:5
Remove file ........ 6:2
Remove from USB port ........ 2:3
Remove Sensor One-Step Buttonhole Foot ........ 4:18
Rename a File or Folder ........ 6:4
Rename file or folder ........ 6:3
Replacing the Needle Plate ........ 7:2
Reverse ........ 3:3

## S

Safety instructions ........ 1:2
Satin Stitches ........ 1:8, 1:12
Save ........ 5:4
Save a Stitch Program ........ 5:4
Save to My Stitches ........ 5:4
Save to My Stitches/My Files ........ 3:4
Screwdriver ........ 1:7
Seam ........ 4:8, 4:9
Seam and overcast ........ 4:8, 4:11
Seam/Overcast ........ 1:8
Seam/Overcast for Ribbing ........ 4:11
Seam ripper ........ 1:7
Select a stitch ........ 4:2
Select a stitch font ........ 4:2
Selective Thread Cutter ........ 3:2
Selective Thread Cutter Auto for sewing ........ 3:8
Selective Thread Cutter knife ........ 7:2
Self-Adhesive Glide Plates ........ 1:9
Sensor Foot Down and Pivot ........ 3:3
Sensor Foot Pressure ........ 3:7
Sensor Foot Up and Extra Lift ........ 3:3
Sensor One-Step Buttonhole Foot ........ 1:6, 1:9, 2:5, 4:6, 4:14
Sensor One-Step Buttonhole Foot socket ........ 1:6
Sensor Presser Foot Lift ........ 3:8
Sensor Q-foot ........ 4:4
SET Menu ........ 3:2, 3:3, 3:6, 7:3
SEWING ADVISOR™ ........ 4:7
Sewing a stitch program ........ 5:4
Sewing Information ........ 4:2
Sewing Information Tab ........ 4:3, 5:3
Sewing pop-up messages ........ 4:18
Sewing recommendations ........ 4:3
Sewing Settings ........ 3:6, 3:8
Sewing Techniques ........ 4:8, 4:9, 4:16
Sewing Thread ........ 2:10
Side-motion ........ 1:9
Side Motion Foot S ........ 1:9
Special Sewing Techniques ........ 4:16
Specialty stitches ........ 1:15
Specialty threads ........ 2:4
Speed ........ 3:2
Spool cap ........ 1:7, 2:4, 2:5, 2:6, 2:7
Spool Pins ........ 2:4
Stabilizers ........ 2:10
Start Menu ........ 3:5, 5:2
Start/Stop ........ 3:3
Sticky Stabilizer ........ 2:10
Stitch adjustment ........ 4:3
Stitch altering ........ 4:5
Stitch Density ........ 4:5
Stitch Font menu ........ 3:5
Stitch Font Menu ........ 4:2
Stitch Length ........ 4:5, 5:3
Stitch Menu ........ 3:5, 4:2, 5:2, 5:3
Stitch Menu Tab ........ 4:2
Stitch Overview ........ 1:10
Stitch Plate ........ 1:6, 7:3
Stitch Positioning ........ 4:5
Stitch program commands ........ 5:3
Stitch Program Out of Range ........ 5:5
Stitch Re-Start ........ 4:4
Stitch Settings ........ 3:6, 3:7
Stitch width ........ 5:3
Stitch Width ........ 4:5
Stitch Width Safety ........ 3:8
STOP ........ 3:2, 3:3, 5:3
Straight stitch plate ........ 1:7
Stretch heavy ........ 4:7
Stretch Hem ........ 4:13
Stretch light ........ 4:7
Stretch medium ........ 4:7
Stretch Needle ........ 2:9
Stylus ........ 1:7
Stylus holder ........ 1:6
System Busy ........ 6:4

## T

Tab....4:2
Tabs in Program mode....5:3
Take-up lever....2:5
Tape measure....1:6
Tapering....4:4
Tapering Stitches.... 1:16, 4:16
Taper Satin Stitch....4:16
Tear-Away Stabilizers....2:10
The Machine Skips Stitches....7:4
Thread cut command....5:3
Thread Cutter....1:6, 2:6, 7:2, 7:3
Thread cutter for bobbin winding....1:6
Threader hook....2:5
Thread guide.... 2:5, 2:7
Threading
- Needle....2:5
- Twin Needle....2:6
- Upper thread....2:5

Threading the needle
- Manually....2:5

Thread net....1:7
Threads....2:10
Thread Sensor....2:6
Thread slots....1:6
Thread take-up lever....1:6
Thread Tension....4:3
Thread tension disc for bobbin winding....1:6
Thread tension discs....1:6, 2:5, 2:6, 2:7
Thumbnail view....6:3
Toolbar....3:5
Top thread....3:2
Touch Area....3:4
Touch & Hold....3:8
Touch Screen Adjust....3:6
Transparent Thread....2:10
Triple needle....2:5
Troubleshooting....7:3
Twin Needle....2:5, 2:9, 3:8
Twin Needle Threading....2:6

## U

Universal Needle....2:9
Unpacking....2:2
Update your machine....2:11
USB....6:3
USB port....2:3
USB stick....2:3
Utility....1:12
Utility Foot A....1:8
Utility Stitches....1:10

## V

Vertical spool pin....2:4, 2:5, 2:6
Vintage Stitches....1:14
Vinyl....1:8

## W

Warranty card....1:7
Water Soluble Stabilizer....2:10
Width balance adjustment....3:7
Winding Bobbin....2:7
Winding Specialty Threads....2:7
Wing Needles.... 2:5, 2:9
Woven....4:7
Woven heavy....4:7
Woven light....4:7
Woven medium....4:7

## Z

Zipper Foot E....1:8


Þið hafið eignast nýtísku uppfæranlega saumavél. Þar sem við gefum reglulega út uppfærslur á hugbúnaði vélarinnar þá er möguleiki á því að það geti verið einhver mismunur á hugbúnaði vélarinnar og því sem lýst er í þessum leiðbeiningum. Hafið samband við HUSQVARNA[R] umboðið og heimsækið einnig heimasíðu okkar www.husqvarnaviking.com til að fá upplýsingar um síðustu uppfærslur á hugbúnaði. leiðarvísi og hrað leiðbeiningunum.

Við áskiljum okkur rétt til að breyta vélinni og fylgihlutum hennar án fyrirvara, svo og útliti hennar. Slíkar breytingar munu hinsvegar ávallt koma eigendum og notendum vélanna til góða.

## Eign á hugverki

Einkaleyfi sem vernda þessa vél eru á skrá undir vélinni.

VIKING, BRILLIANCE, PICTOGRAM, SEWING ADVISOR, KEEPING THE WORLD SEWING og EXCLUSIVE SENSOR SYSTEM eru vörumerki í eigu Singer Sourcing Limited LLC.

HUSQVARNA og “H” krónan eru vörumerki Husqvarna AB.

2018 Singer Sourcing Limited LLC. Allur réttur tilskilinn.

Vinsamlegast gætið að því að þegar þessari vél verður fargað þá verður að farga henni í samræmi við þær reglur sem gilda um förgun rafmagnstækja í viðkomandi landi Fargið vélinni aldrei með venjulegu sorpi, heldur á endurvinnslustöð. Hafið samband við umboðsaðila á viðkomandi stað til að fá nánari leiðbeiningar um reglur vegna förgunar. Þegar þið kaupið nýja vél getur vel verið að viðkomandi seljandi sé þá skyldugur til að losa ykkur við eldri vélina ykkur að kostnaðarlausu.

Ef rafmagnstækjum er fargað þar sem venjulegt sorp er urðað gætu hættuleg spilliefni komist út í náttúruna og grunnvatnskerfið og orðið hættulegt heilsu manna.

Framleiðandi

VSM Group AB
Drottninggatan 2, SE-56184, Husqvarna, SWEDEN

Husqvarna VIKING®

KEEPING THE WORLD SEWING™

4710525-07B-Islenska-2019 Singer Sourcing Limited LLC Allur réttur áskilinn - Prentað á umhverfisvænan pappír.